



# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1899-1943, 2. hluti

---

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Framsóknarflokkurinn – Breiðum vorhug um land – Hlynur Berglandsson – Alþingis- og kosningarímur – Egill austræni – Eimskipafjelag Íslands – Jón Jensson – Ný-Valtýskan – Landsrjettindin – Bjarni Jónsson frá Vogi – Tryggvi Gunnarsson – Matthías Jochumsson – Akureyrarkaupstaður – Reykjavík – Frumvarp til dansk-íslenskra sambandslaga – Verslunarráð Íslands

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Benediktarskjöl  
Askja 5-10, Örk 5

BENEDIKT SVEINSSON:

# BJARNI JÓNSSON

FRÁ VOGI


[SÉRPRENTUN ÚR 52. ÁRG. ANDVARA]



---

REYKJAVÍK — PRENTSMIÐJAN GUTENBERG — 1927





BJARNI JÓNSSON FRÁ VOGI.

Andvari

## Bjarni Jónsson frá Vogi.

Bjarni Jónsson alþingismaður frá Vogi var fæddur í Miðmörk undir Eyjafjöllum 13. okt. 1863. Þá bjuggu þar foreldrar hans, síra Jón Bjarnason og kona hans Helga Árnadóttir. Síra Jón hafði þá tekið við Stóradalsþingum árið áður, en hafði verið vígður til prests að Meðallandsþingum árið 1854 og kvæntist þar 1856. — Síra Jón var fæddur í Finnstungu í Blöndudal í Húnavatnssþingi 11. okt. 1823; vóru foreldrar hans Bjarni bóndi Jónsson (d. 10. ág. 1830) og kona hans Elín (d. 24. apríl 1859) Helgadóttir bóna á Litla-Búrfelli í Svínadal, Guðmundssonar. Að öðru leyti er nú ókunnugt um ætt síra Jóns, því að sjálfur gaf hann sig alls eigi við ættvísni, en kirkjubækur sóknarinnar týndar og tröllum gefnar. Þó hafði síra Jón heyrt, af sér eldri mönnum, að hann væri af Bólstaðarhlíðarætt, þá líklega af Þorsteini sýslumannni, födur Benedikts lögmanns, en eigi eru aðrar heimildir fyrir því að sinni. — Helga kona síra Jóns var ættuð úr Skraftafellsþingi, dóttir Árna bónda á Hofi í Öræfum, Þorvarðssonar, Pálssonar í Mörk, Eiríkssonar á Fagurhólmseyri, bróður Einars skólameistara í Skálholti (d. 1788)<sup>1)</sup>, Jónssonar yngra á

1) Af Einari skólameistara er komin fjölmenn ætt. Einn sona hans var Ísleifur háyfirdómari á Brekku. Sjá Guðfræðingatal Hannesar Þorsteinssonar bls. 61—66.

Hnappavöllum, Einarssonar s. st., Jónssonar í Skaftafelli, Sigmundssonar. Hafði sá ættleggur lengi búið í Skaftafelli. Rekja sumir hann til Freysgyðlinga. Vist er um það, að margt var höfðingja og mikilmenna í ætt þessari á síðari oldum, og þaðan var kominn Jón Eiríksson konferenqráð langfeðgum að telja.<sup>1)</sup> — Fyrri kona Árna á Hofi og móðir Helgu var Þórunn dóttir Péturs bóna á Litla-Hofi í Öræfum, er kallaður var Öræfa-Pétur, nafnkunnur māður um sína daga, Þorleifssonar lögréttumanns í Öræfum, Sigurðssonar sýslumanns í Skaftafellsþingi (d. 1765), bjó að Smyrlabjörögum í Suðursveit, Stefánssonar.<sup>2)</sup> — Kona Sigurðar sýslumanns og móðir Þorleifs lögréttumanns var Þórunn Jónsdóttir lögsagnara, Ólafssonar sýslumanns í vestra hluta Skaftafellsþings (d. 1717), Einarssonar lögréttumanns og sýslumanns í eystra hluta Skaftafellsþings (d. um 1691), Þorsteinssonar sýslumanns í Þykkvabæjarklaustri (d. 1655), bróður Bjarnar á Laxamýri langafa Oddnýjar móður Skúla landfógeta. Þorsteinn var inn mesti höfðingi, manna lærðastur og lögvitrastur. Faðir þeirra bræðra var Magnús Árnason í Stóradal; er það allt ið mesta stórmennakyn; verður sá karlleggur lengst rakinn með vissu til Húniboga Þorgilssonar á Skarði (um 1100). — Kona Magnúsar í Stóradal var Þuriður laundóttir síra Sigurðar á Grenjaðarstöðum, Jónssonar biskups, Arasonar.

Síra Jón og frú Helga áttu fjögur börn, er upp komust, þrjá sonu og eina dóttur: Elztur var Magnús Blöndal (f. 5. nóv. 1861), síðar prestur í Vallanesi, nú í Reykjavík, Bjarni, Helgi (f. 11. apríl 1867) síðar náttúrufræðingur (d. 1924); og Elín. Þau síra Jón fluttust

1) Sýsl.æv. IV., 555.

2) Sýsl.æv. IV., 630.

frá Stóradalsþingum árið 1867 að Prestbakka í Hrútafirði, og var hann þar tvö ár. Fékk lausn vorið 1869. Skildu þau hjón samvistir. Fluttist síra Jón þá fyrst að Keiksbakka á Skógarströnd, en fékk veiting að Ögurþingum á Langadalsströnd við Ísafjörð 1871. Bjó hann þá á Hjóllum við Skötufjörð. Þaðan fluttist hann að Skarðsþingum 1873 og bjó þá fyrst á Níp á Skarðsströnd til 1882, að hann fluttist að Vogi á Fellsströnd í sama prestakalli. Það ár ið sama fór Magnús sonur hans í skóla. Hafði Magnús ávalt verið með föður sínum til þess tíma og Bjarni lengstum, en stundum var hann þó hjá vinafólki þeirra þar vestra. Síra Jón létt sér einkar ant að menta sonu sína, en var engi fésýslumaður og einatt mjög fátækur. Fyrir því komust synir hans seinna til lærðóms en ella mundi. Unnu þeir alla vinnu á sjó og landi frá barnæsku, kunnu því og þektu til allra verka og voru fullkomnir að líkamsþroska, er þeir komu í skóla.

Bjarni var fullt tvítugur, er hann réðst suður. Vóru harla lítil fararefni, fyrir utan vits þroska og námfysi. Fylgdi faðir hans honum til Reykjavíkur til þess að greiða fyrir honum. Jón rektor Þorkelsson brást svo drengilega við, að hann bauð Bjarna vist hjá sér ókeypis, meðan hann væri við lærðóm hér, en Magnús bróðir Bjarna og aðrir skólapiltar kendu honum utan-skóla það er þyrfti. Gekk Bjarni inn í 3. bekk latínskólans 1884. Á sumrum var hann lengstum heima í Vogi með föður sínum. Skólanámið sóttist honum greiðilega, enda var hann orðlagður námsmaður. Lauk hann stúdentsprófi vorið 1888, með ágætum vitnisburði, og samsumars sigldi hann til háskólans í Khöfn. Vorið eftir tók hann próf í heimspeki með ágætiseinkunn hjá Haraldi Höffding háskólakennara. Mat hann þann kennara

sinn mest þeirra allra, er hann sótti leiðsögn til í Hafnarháskóla. Til lærdómsprófs stundaði hann málfræði, grísku, latnesku og þýzku. Lauk hann kennaraprófi 1894. Var hann þá veikur af landfarsótt (inflúenzu), er hann leysti af höndum prófið, og þótti karlmenska mikil að hverfa eigi frá; fekk hann því eigi notið sín sem skyldi og samsvaraði þekkingu hans; hlaut hann því II. einkunn. Jafnframt námi sínu í háskólanum lagði Bjarni stund á skáldskap og ýmsar fræðigreinir. Þar hafði Bjarni mikil kynni af þýzkum stúdent, inum alkunna rithöfundi mag. Carli Kühler. Kendu þeir hvor öðrum sína tungu og bundu ævilanga vináttu. Síðan dvaldist Bjarni um hríð í Pýzkalandi til þess að kynna sem bezt þýzkri tungu og menning. Talaði hann þýzku betur en títt er um flesta Íslendinga og nær sem þarlandsmaður væri.

Að þessu loknu fór Bjarni til Íslands og gerðist aukakennari í latínuskólanum. Það starf hafði hann með höndum árin 1895—1904. Kendi hann þar að staðaldri þýzku í öllum skólanum og jafnframt latínu og dönsku í sumum bekkjum. Auk þess kendi hann stundum grísku og stærðfræði um lengra eða skemra tíma í forföllum annara kennara. Hann var ágætur kennari, hafði gott lag á að gera kenslustundirnar ánægjulegar og fræddi pilta um margt, er eigi kom við náminu, svo sem atriði úr sálarfræði og eðlisfræði. Á stjórnmál mintist hann aldrei í tímum, svo að mig reki minni til. Hann talaði jafnan þýzku við pilta í tímum við þýzkukenslu, eftir því, sem fremst varð við komið. Þótti mörgum það erfitt er skamt voru komnir, er Bjarni þóttist eigi skilja spurningar þeirra á íslenzku og ýtti að þeim að tala þýzku. En með handleiðslu hans lærðu menn margar algengar setningar og orðtök, löngu fyrr en þeir hefði ella mátt

setja þær saman af kunnáttu sinni. Þegar fram í sótti kom þessi kensla að mjög góðu haldi. Er óhætt að staðhæfa, að piltar hafi aldrei fyrr náð slíkri æfing í að tala þýzku sem undir hans handleiðslu. Veit eg og dæmi þess, að það var nærrí undarlegt, á hve skömmum tíma honum tókst nú á sínum efri árum að hugfesta mönnum góða undirstöðu í þýzku, svo erfið sem tungan er byrjöndum.

Stjórn hafði Bjarni svo góða yfir nemöndum, að aldrei þurfti um að vanda; kom hún fram af sjálfu sér. Hann hafði og sjálfur ánægju af kenslu og taldi sig bezt til slíkra starfa fallinn, enda vildi helzt hafa þau að lífsstarfi; létt hann það oftlega í ljós. Það var því mjög illu heilli, er honum var vikið frá skólanum eftir tíu ára starf þar árið 1904. Olli því tortryggni yfirstjórnanda skólans og fjandskapur, er reis af blaðamensku og stjórnsmála-afskiftum Bjarna in síðustu ár, sem hann kendi í skólanum og enn verður á vikið. Að öðru leyti verður það mál eigi rakið hér, enda eigi skrifleg gögn hér fyrir hendi, þau er fram vóru borin á »æðri stöðum«.

Frávikning Bjarna mæltist viðast hvar mjög illa fyrir og þótti ærið ranglát og ómakleg. Bjarni var einkarvinsæll meðal pilta. Þótti þeim hans hlutur með rangindum fyrir borð borinn. Sýndu þeir honum alla þá virðing og hluttekning, er þeir máttu, héldu honum samsæti og færðu veglega gjöf í viðurkenningar-skyni.

Nú var Bjarni sviftur því starfi, er hann hafði lært til og ætlaði að hafa til atvinnu sér. Gerðist hagur hans mjög þróngur, því að hann hafði þá hálfst fimta ár ið næsta eigi annað að starfa en tímakenslu og að rita og ræða um stjórnmál eða fást við þýðingar úr erlendum tungum. Þýddi hann allmög kvæði eftir norsk skáld, þar á meðal »Huliðsheima« eftir Árna Garborg, er út

komu 1906 og »Í Helheimi« eftir sama höfund (1913). »Á guðs vegum« eftir Björnstjerne Björnsson kom út 1910, »Ingvi konungur« 1906 og »Ingvi Hrafn« 1913, hvorttveggja eftir Gustav Freytag úr ritverki hans: »Die Ahnen«. Árin 1905—8 gaf hann og út ársritið »Sumargjöf« ásamt Einari Gunnarssyni. Var þar margt ljóða og ritgerða inna yngri skálda og mentamanna. Ritið er fróðlegt og skemtilegt og að öllu vel til þess vandað. — Hann var settur viðskiftaráðunautur Íslands 17. júlí 1909. Þeim starfa hélt hann til ársloka 1913. Var þá starfi sá lagður niður og stóð Bjarni enn uppi atvinnulaus, en alþingi hafði þá veitt honum 1200 króna ársstryk til ritstarfa næsta fjárhagstímabil (1914—1915). Var það einkum þýding á fyrra hluta »Fausts« eftir Goethe, er hann hafði þá með höndum. — Samkvæmt lögum um stofnun docentsembættis í grísku og latínu var Bjarni skipaður docent við háskólann 31. mars 1915 og hélt því starfi til æviloka.

Nú verður að hverfa til ins eldra tíma og rekja nokkuð störf Bjarna, bæði í félögum og annars staðar og afskifti um þjóðmál vor Íslendinga.

Svo hafa sagt menn, er samtíða vóru Bjarna í skóla, að hann hafi skjótlega orðið foringi meðal skólabræðra sinna um marga hluti, og var það meir fyrir þroska sakir og vitsmunu en framgirni og metnað. Slikt ið sama mun og með fullum sannindum mega segja frá námsárum hans í Kaupmannahöfn. Eftir því sem óx þroski hans og þekking, þá hlaut hann því meiri vin-sældir meðal inna yngri manna, er nám stunduðu. Hefir svo sagt vitur maður skilríkur, er þó greindi á um margt við Bjarna síðar, að hann hefði þótt allra manna vænlegastur fyrir vitsmunu sakir og einurðar og hleypi-

dómaleysis í það mund, er hann hvarf heim til Íslands að loknu námi.

Á þeim árum var margt Íslendinga í Kaupmannahöfn, bæði námsmanna og lærðra manna og annara þeirra, er ýmsa atvinnu ráku, og hafði svo lengi verið. Höfðu þeir um langan aldur haft með sér félag það, er nefnt er »Íslendinga-félag«, og er það enn til. Félag þetta hélt meir saman fyrir þjóðernis sakir en sameiginlegra áhugamála. Þóttust íslenzkir mentamenn eigi mega njóta sín þar til fulls um áhugamál sín, er margir aðrir félagsmenn létu sig engu varða. Því var það, að Bjarni beittist fyrir að stofna »félag íslenzkra stúdenta í Khöfn« í árslok 1892, og varð hann fyrstur formaður þess. Fylgdu honum að því ýmsir dugandi menn á hans reki, og hurfu þangað síðan flestir gamlir og ungir mentamenn íslenzkir, þeir er þar dvöldust. En í inu nýja félagi fengu íslenzkir mentamenn betur notið sín en áður, svo sem til hafði verið ætlazt. Var Bjarni á þessum árum einna mestur starfsmaður stúdentafélagsins og kostaði kapps um að draga saman hugi ungra Íslendinga til fylgis við áhugamál félagsins.

Um þetta skeið vóru ýmsir mikilhæfir menn í flokki íslenzkra mentamanna í Khöfn og allmikið fjör meðal þeirra. Þá hófst blaðið »Sunnanfari«, undir stjórn Jóns Þorkelssonar yngra. Hafði Einar Benediktsson verið einna mestur hvatamaður að stofnun blaðsins, og veittu því stuðning sinn flestir inir þjóðlegustu Íslendingar. — Blað þetta tók fast í streng um íslenzk stórmál, einkum háskólamálið, er öndvegismenn þjóðarinnar höfðu áður beitzt fyrir. Fylgdi Bjarni málum þessum »með lífi og sál« þá og jafnan síðan.

Á þessum árum gáfu þeir Halldór Bjarnason (síðar sýslumaður) út ljóðmæli Gísla Brynjólfssonar (Kh. 1891).

Þá birtist og eitt ið fyrsta kvæði Bjarna, er sungið var á Íslendingafundi 3. febr. 1892. Er viðlag þetta:

„Meðan blóð er í æð,  
ættjörð hrein og köld,  
fyrir þig vér berum brand og brynu og skjöld“.

Almenningur heima á Íslandi veitti kvæði þessu athygli, og einkum varð mönnum stefið hugstætt. Var höfundurinn þá fáum kunnur. En það kom síðar fram, að sá hafði kveðið, er vopnanna þorði að neyta og bar meðan til vanst.

Þá er Bjarni kom til Reykjavíkur eftir nám sitt ytra, tók hann þegar mikinn þátt í störfum Stúdentafélagsins hér. Formaður félagsins var hann frá 1. des. 1900 til 19. okt. 1903, aftur 1906—7 og oftlega í stjórn þess og létt flest mál þess mjög til sín taka. Er það fullvist, að hann starfaði miklu meira en nokkur annar maður í Stúdentafelaginu um sína daga. Skal hér fyrst getið tveggja mála. Vilhjálmur Jónsson bar fram tillögu um það, á fundi 10. nóv. 1897, að félagið skyldi gangast fyrir samskotum til þess að reisa minnisvarða Jónasi skáldi Hallgrímssyni og skyldi hann upp kominn á aldarafmæli Jónasar. Tillagan var samþykkt og var skipuð sérstök nefnd til þess að standa fyrir málinu. Vilhjálms naut við skemur en skyldi; hafði Bjarni síðan á hendi forustu málssins. Bjarni vann með kappi og þrautseigju og mikilli fyrirhöfn að fjársöfnun; var það gert bæði með almennum samskotum, fyrirlestrum, happdrætti og jafnvel sjónleikum, er Bjarni gekst fyrir. Vóru haldin mörg »Jónasar-kvöld« í þessu skyni. Likneski Jónasar, eftir Einar Jónsson, var afhjúpað 16. nóv. 1907, undir ræðu, sem Bjarni flutti. Þetta var fyrsta líkneski eftir alíslenzkan listamann, er reist var á Íslandi. Bjarni hafði

ávalt mestar mætur á Jónasi Hallgrímssyni allra íslenzkra skálda. Því meira fagnaðarefni var honum, er þetta afrek Stúdentafélagsins komst til framkvæmda.

Annað þeirra mála, er félagið tók á arma sína skömmu eftir heimkomu Bjarna, var alþýðufræðslan. Hugmyndin var tekin eftir starfsemi þeirri, er hafin var í enskum heimi og þar nefnd »University Extension«. Tillaga um það, að Stúdentafelagið reisti hér slíka starfsemi og hefði með höndum, kom fram í féluginu 1895 frá þeim Einari Hjörleifssyni og Guðmundi Björnssyni og var samþykkt. Hefir félagið haft þessa starfsemi með höndum ávalt síðan. Að því máli hefir enginn maður unnið alt í frá upphafi í námunda við það, sem Bjarni gerði. Hann var lengstum í alþýðufræðslunefnd, þegar hann hafði aðsetur hér á landi, flutti sjálfur fjölda fyrirlestra og ýtti á aðra mentamenn til ins sama. Þurfti mikinn dugnað og harðfylgi til þess, að fræðsla þessi lognaðist ekki út af, og er það allra manna mest að þakka Bjarna, hversu hún hefir enzt og þróast. Fyrst vóru fyrirlestrar einungis fluttir í Reykjavík, en síðar víða um land. Nefndin greiddi ræðumönum lítils háttar bóknun, en aðgangseyrir var lengi tíu aurar. Rann gjald þetta til þess að kosta fyrirlestrana. Auk þess fekk félagið 150 kr. styrk úr landssjóði árin 1902—1905. En þá svifti alþingi félagið styrknum næstu ár, 1906—1907, og virtu stúdentar svo fullkomlega, að það væri gert í hefnd þess, að félagið fylgdi Landvarnar-stefnunni. Er þetta litla atvik dálitið sýnishorn aldarandans í þá daga. Eftir fall þáveranda stjórnarflokks fekk félagið aukinn styrk (500 kr.) og hefir haldið honum síðan nokkuð hækkuðum. Til dæmis um starfsemi alþýðufræðslunefndar má geta þess, að árin 1910—16 vóru haldnir alls 256 fyrirlestrar, þar af 155 utan Reykjavíkur. Nefndin hefir jafnan skýrt

frá fræðslunni og hag hennar hvert ár á fundi félagsins, og á alþingi hefir og verið frá henni skýrt venjulega, en yfirlit alls símans er ekki hér fyrir hendi.

Deilur þær, sem staðið höfðu um stjórnarskrármálið, eða sjálfstæðisbaráttuna um stjórnmalin, hafði Bjarni leitt hjá sér allt til þess, er Landvarnarflokkurinn hófst, síðla árs 1902. Hann hafði að vísu einatt fylgt þeim flokki, er lengst sótti fram og því aðhylzt sjálfstæðisstefnu Benedikts sýslumanns Sveinssonar. Var því andvígur »Valtýskunni« og hvers konar afslætti af uppteknum og réttum kröfum og gaf gaum því er fram fór, þótt eigi tæki hann þá þátt í umræðum á mannfundum né blaðadeilum. — En nokkurum árum fyrr hafði vaknað hreyfing í skóla meðal skólapilta sjálfra um »frelsismál þjóðarinnar«. Fylgdust að nær allir skólapiltar, er nokkuð sinntu landsmálum, og snerust af miklum áhuga á sveif með »Dagskrá« og »Þjóðólfí« gegn »Valtýskunni«. Þann flokk fyltu síðan inir yngri stúdentar, jafnskjótt sem við bættist úr skóla. Þótt menn þessir væri ungar, þá kendi þó brátt eigi all-lítilla áhrifa þeirra, því að þeir þektu menn um land allt, hver í sínum átthögum, og lágu litt á liði sínu. Það hefir heyrzt meðal manna, er litt eða ekki vóru kunnugir atvikum þessara mála, að Bjarni Jónsson hafi vakið þessa hreyfing í skóla, en svo var eigi. Hann lét hana hlutlausa. Sanni nær væri að segja hitt, að Bjarni hefði í fyrstu snúið til athafna í stjórnarskrármálinu fyrir hvatir af hálfu þessara manna, einkum þar sem hann mat einatt mikils málstað æskumanna, og að stefna þeirra var í fullkomnu samræmi við skapferli hans og framsóknar-þrá. Hlaut að því að reka, að þeir berðist allir undir einu merki. Hér er rétt frá máli skýrt, jafnvel þótt Bjarni yrði með fram að gjalda þess

síðar, að hann hefði »spilt æskulýðnum« með stjórn-mála-afskiftum í skóla.

Baráttan milli »Valtýinga« og andstæðinga þeirra, er nú kölluðust Heimastjórnarmenn, harðnaði því meir, sem lengur leið. Flokkarnir máttu heita jafnir á alþingi 1901, en þó veitti »valtýska« floknum þeim mun betur þá, (vegna þess að einn Heimastjórnarmanna komst eigi til alþingis fyrir elli sakir), að hann kom stjórnarskrárv. sínu gegn um þingið. Mæltist kapp þetta því verr fyrir, þar sem frétt kom til þingsins um stjórnarskifti í Dammörk, er »hægri«-stjórn féll, en »vinstri menn« náðu völdum. Væntu margir af þeim betri kosta Íslandi til handa. Hannes Hafstein var sendur utan í þinglok af hálfu Heimastjórnarflokksins. Fekk hann góðar viðtökur. Væntu nú flestir, að »sérstakur ráðherra« »búsettur í landinu« fengist flærðarlaust. En önnur varð raun á.

Andstæðingar »Valtýskunnar« höfðu jafnan talið það helzta ljóð frumvarpsins (auk búsetu ráðherrans í Khöfn), að í því voru engi ákvæði, er girti fyrir, að ráðherrann ætti sæti í ríkisráði Dana; töldu það brjóta bág við »landsréttindi Íslands« og eldri kröfur Íslendinga. Um þetta stóð ekkert í frv. og var því talið, að um þetta yrði þá haldið uppteknum hætti. Frumvarp »Valtýinga« var lagt fyrir alþingi 1902, samkv. ákvæðum stjórnarskráinnar, eftir þingrof og nýjar kosningar, en jafnframt sendi Alberti Íslandsráðherra annað frv., með þeirri höfuðbreyting, að ráðherra Íslands, skyldi búsettur á Íslandi, — en jafnframt lét hann þann bóg fylgja skammrifi, að í stjórnarskránni skyldi berum orðum tekið upp það ákvæði, að »öll lög og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir skyldi berast upp fyrir konung í ríkisráði. Fylgdu þau strengileg skilaboð, að engu mætti breyta og alþingi

gerðir tveir kostir, að taka annaðhvort frumvarpið ó-breytt; ella ekkert.

Þessi herfilega ósvífni Albertís kom alveg í opna skjöldu. Þingflokkarnir stóðu fjandsamlegir hvor öðrum, úrræðalausir. »Allt dró slafra af Hafri«. Alþingi samþykkti Albertís-frumvarpið óbreytt.

Aðfarir þessar vöktu þegar mikla andúð í Reykjavík.  
— Síðla þings, í ágústmánuði 1902, stofnaði Einar Benediktsson til mótmælafundar í Reykjavík og hafði þar atbeina Jóns yfirdómara Jenssonar og nokkurra annarra röskra manna. En ekki var lát á þingflokkunum, svo að vart yrði.

Bjarni var þá á ferð í Austfjörðum, er þessi tíðindi gerðust. En er suður kom, gekk hann þegar til fylgis hreyfing þessari. Vóru nú ýmsar stefnur áttar meðal þeirra manna, er risu gegn »ríkisráðsákvæðinu« og halda vildu fast við eldri kröfur Íslendinga. Þing var rofið vegna samþyktar ins nýja stjórnarskrár-frumvarps, og skyldi almennar kosningar fara fram vorið eftir. Þótti því meiri nauðsyn á að hefja snarpan andróður gegn inni nýju »uppgjöf«, en auðsætt, að til lítils mundi duga, nema flokkurinn hefði nokkurn blaðakost.<sup>1)</sup> Hófust þá tvö blöð um áramótin, »Landvörn«, er flokkurinn var við kendur síðan, og »Ingólfur«. »Landvörn« kom út við og við til vors, alls tíu blöð, en »Ingólfur« varð langlifari og jafnan síðan höfuðblað floksins. Hafði Bjarni á hendi ritstjórn »Ingólfss« tvö fyrstu árin, og ritaði í blaðið jafnan síðan, meðan það var í höndum

1) Einar Benediktsson gaf út snjallan ritling um haustið, er nefndist: „Nývaltýkan og landsréttindin“, og Jón Jensson annan um veturinn: „Uppgjöf landsréttindanna, samþykkt á alþingi 1902“. Vöktu rit þessi mikla athygli.

Landvarnarmanna og Sjálfstæðismanna. Floknum varð gott til liðs. Hvarf þangað skjótlega þorri yngri manna og margir aðrir. Fyltu þann flokk nær allir inir yngri stúdentar, og mátti svo að orði kveða, að Stúdentafélagið í Reykjavík yrði þá hreint floksfélag langa hrið, þótt þar væri nokkurir eldri stúdentar annarar skoðunar, er þá drógu sig í hlé.

Þess var engi von, að Landvarnarflokkurinn mætti sín við kosningarnar vorið eftir. Gömlu flokkarnir sátu rótgrónir í landinu og áttu sigri að hrósa að sinni, þótt mörgum mönnum tæki nú að standa stuggur af ríkisráðsákvæðinu. Komu nokkurar áskoranir til alþingis um sumarið um að fella niður orðin »ríkisráði«. Vóru þær af Barðaströnd, frá Mýramönnum og úr Reykjavík. En tregða var að fá þær lagðar fram á alþingi(!), fyrr en Skúli Thoroddsen, þingmaður Ísfirðinga veitti þeim viðtöku.<sup>2)</sup> Jón Jensson fór utan til þess að leita skýrra andsvara af Alberti Íslandsráðherra, um skilning hans á ríkisráðsákvæðinu og tilgang með því. Svaraði hann ýmist á þá leið, er sízt hefði átt að orka frumvarpinu til framgangs, eða svaraði alls engu.<sup>2)</sup> En »Alþirtingar« létu ekkert á sig bíta. Frumvarpið var samþykkt óbreytt sumarið 1903 með öllum atkvæðum gegn einu. Síra Sigurður Jensson í Flatey, þm. Barðstrendinga, flutti einn andmæli og greiddi atkvæði gegn frumvarpinu.

Að afloknu þingi héldu Landvarnarmenn veizlu þeim bræðrum Jenssonum, Sigurði og Jóni. Var þar nær fimm tugum manna og þótti valinn maður í hverju rúmi. Jens prófastur Pálsson frá Görðum flutti ræðu fyrir heiðurs-

1) Sbr. „Ingólf“ I. 25.

2) Skýrsla Jóns Jenssonar er í „Ingólf“ I. 19., 10. júlí 1903, sbr. og I. 21, 2. ág. sama ár.

gestunum. Kvað hann Landvarnarstefnuna hafa byrjað sem blæinn, er bylgjum slær á rein, en var þess fullvís, að hún mundi síðar brjóftast fram sem stormur svo hrikti í grein. Kvað hann anda Jóns Sigurðssonar vera ósýnilegan foringja stefnunnar, en þá frændur hans sinn fyrir hvorum fylkingararmi, út á við til þjóðarinnar og inn á við til þingsins. Þá var sungið kvæði fyrir minni heiðursgestanna eftir Guðmund skáld Guðmundsson, er þar var viðstaddir. Því næst flutti Steingrímur skáld Thorsteinsson forkunnarfagra ræðu fyrir minni Íslands, leifstrandí af fjöri og andagift. Mintist hann meðal annars fyrri frelsisbaráttu og þess verkefnis, er flokkurinn ætti nú fyrir hendi gegn ofurefli því, er í móti var. Lauk hann máli sínu með þessum gamla kviðingi, er hann beindi til flokksmanna:

„Hælumst minnst í máli,  
metumst heldr at val feldan,  
látum skifta guð giftu,

(Hljóp hann þá upp og hvesti röddina):

*gerum hrið þá er þeim svíði!*“

Var þróttarorðum öldungsins fastlega fagnað. Heiðurs-gestirnir svörudu hvor með sinni ræðu og var ger góður rómur að máli þeirra. Þá var drukkið minni Jóns Sigurðssonar, en síðan ýmissa mætra manna, er við voru flestir: Steingríms Thorsteinssonar, Sigurðar prófasts Gunnarssonar og Guðmundar læknis Guðmundssonar í Stykkishólmi, Halldórs bæjarfógeta Danielssonar, Eiríks meistara Magnússonar í Kambsbryggju (hann var heima í Englandi, en ótrauður atfylgis við Landvarnarstefnuna), Guðmundar læknis Magnússonar, ritstjórnar »Landvarnar« og »Ingólfss« og enn fleiri. Fór veizlan vel fram að öllu, svo að engi þóttist betri veizlu setið hafa.

Samkoma þessi var minnisstæð, þeim er hana sátu, og er hennar hér getið sem dæmis þess, hversu nafnkunnir ágætismenn úr hópi inna eldri manna veittu floknum þá þegar fylgi sitt.

Landvarnarmenn voru nú einráðnir í því að halda fram baráttu sinni, þótt þeir hefði næsta lítils megnad móti veldi »Albirtinga«, en svo nefndu þeir þá einu nafni báða þingflokkana, »Framsóknarflokkinn« og »Heimastjórnarflokkinn«, er fallizt höfðu á Albertí-frumvarpið óbreytt. Um stefnu þeirra og markmið ritar Bjarni Jónsson 2. dec. 1903, en þá var stjórnarskrármálið til lykta leitt, og hafði konungur kvatt Hannes Hafstein til ráðherra fyrir Ísland frá 1. febrúar næsta ár (1904).

»Nú er lokið þeirri hríð, er stóð um þetta mál frá nýári og alt þar til, er þingið hafði samþykkt frumvarpið. En þótt Landvarnarmenn þurfi eigi að kenna sér um málalokin, þá munu þeir þó eigi nenna að sitja hjá málum manna aðgerðalausir. Munu þeir nú allan hug á leggja að bæta skaðann sem verða má og skiljast eigi við þetta mál, fyrr en yfir lýkur og Ísland er orðið frjálst og óháð sambandsland Danmerkur. — — — »Vér trúum því fastlega, að Íslendingar hafi þor og þrótt til (þess) að verða og vera sjálfstæð þjóð í stjórn, list og vísindum. En öll þrá og löngun þjóðarinnar verður þá að stefna að þessu og alt starf hennar að hniga að því.«

Þessi ummæli Bjarna eru all-mjög athyglisverð. Kemur hann hér fram í öndverðri fylking Landvarnarmanna, berandi fram merki flokksins, er aldrei skyldi látið niður falla, fyrr en fullum sigri væri náð, og sjálfur albúinn þess að skiljast eigi við málið, fyrr en yfir lyki. Hér er tekin fram stefna flokksins með viðtækum orðum, en fast-ákveðnum skilningi, því að »frjálst og óháð sam-

bandsland Danmerkur« merkti, samkvæmt hug og skilningi Bjarna og samherja hans, nákvæmlega ið sama, er síðar var nefnt »frjálst og fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku«.

Um orða-tiltækið »frjálst sambandsland« kom upp mismunandi skilningur síðar, einkum meðal einstakra manna, flokka eða flokksbrota, sem síðar hurfu að meira eða minna leyti til fylgis við málstað Landvarnarmanna, eða létu heita svo. Olli þetta miklum og löngum þrætum og þrefi. En skarið var tekið af um allan misskilning á Þingvallafundinum 1907.

Í þessum ummælum er og fám og berum orðum fram tekið það ið órjúfanlega traust, er Bjarni bar jafnan til íslenzkrar þjóðar og ávalt kom fram í athöfnum hans á margvislegan hátt. En einna athyglisverðast er þó, hversu ríkt hann leggur á um traust þess, að Íslendingar hafi þor og þrótt til þess að verða og vera sjálfstæð þjóð »í stjórn, list og vísindum«. Honum gleymdist það aldrei og hafði á því vakanda auga flestum eða öllum fremur, að sjálfstæði þjóðarinnar var eigi og varð eigi trygt með stjórnmalum *einum*, heldur þurfti hún jafnframt að eflast að hvers konar þarflegri þjóðarmenning. Þess vegna ræddi hann og ritadi jafnan um »listir og vísindi« og barðist fyrir efling þeirra alt frá námsárum til æviloka. En margan brast skilning á samhenginu í öllu þessu starfi hans.

Pegar hér var komið hafði stjórnarskráin með búsetunni og ríkisráðsákvæði Albertís náð staðfesting konungs, og annar inna stóru flokka, er þar höfðu lagt á samþykki á alþingi, kominn til valda. Var hann hæstánægður með unnnin sigur og þóttu uppfyltar allar sjálfstæðiskröfur þjóðarinnar; hefði hún nú fengið því öllu framgent í þessum efnum, er hún hefði nokkuru

sinni óskað sér eða vænzt. Lengra kom floknum ekki í hug að halda á þeirri braut.

Ekki var heldur annað að heyra í þann tíma en að hinn þingflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, sætti sig til fulls við úrslit stjórnarskrármálsins, enda hafði hann goldið því samþykki á alþingi og talið skoðun Landvarnarmanna »sérkreddu« eina. En brátt tóku að rísa úfar á vinfungi þessara flokka, sem að visu hafði grunt verið, þótt samtaka væri þeir um úrslit ins mikla máls. Nokkrir gengu úr floknum og til fylgis við stjórnarflokkinn, en allur þorrinn fylgdi forstu Bjarnar Jónssonar ritstjóra »Ísafoldar« og varð fullkominn andstæðingur stjórnarinnar. Skifti flokkur hans um nafn síðar (1905) og nefndist þá um skeið Þjóðræðisflokkur. — Nafnið var fundið upp í því skyni að hremma Landvarnarmenn upp í flokkinn. Kom þetta fram í »Ísafold« 21. febr. 1906, er blaðið lét á sér skilja, að Landvarnarmenn væri eigi lengur sérstakur flokkur, heldur væri hann horfinn inn í Þjóðræðisflokkinn ásamt Framsóknarfloknum, er áður var. Þessu neituðu Landvarnarmenn samdægurs, en töldu hitt rétt vera, er blaðið sagði um gott samkomulag milli flokanna að því, »að af létti stjórnaróstandinu í landinu og að fá borgið landsréttindum vorum«.

Landvarnarmenn héldu fast og látlauast fram málstað sinum um ríkisráðsákvæðið og færðust æ meir í aukana, þótt við ramman væri reip að draga og féskortur væri stórlæga til baga. Kom nú margt fram þegar á reyndi, er sýndi, að réttar vóru kenningar þeirra og óx við það styrkur flokksins. Þjóðræðisflokkurinn sveigði æ meir til fylgis við stefnu Landvarnarmanna og aðhyltist kennningar þeirra smátt og smátt, jafnótt sem þeim óx fylgi meðal þjóðarinnar. Loks þokaðist stjórnarflokkurinn á

eftir í fjærstu baksýn. Stúdentafélagið fylgdi Landvarnarstefnunni og var höfuðvigi þeirra ásamt »Ingólfí« og fleiri blöðum, er flokkurinn gaf út, er fram í sótti. (»Dagfari« á Eskifirði snemma árs 1906, »Valurinn« á Ísafirði um haustið s. á. og síðast »Fjallkonan« 1907). Fóru fram umræður og vóru samþyktir gerðar í Stúdentafélaginu um öll in helztu mál, er á dagskrá þjóðarinnar vóru og flokkurinn tók upp eða vildi afskifti veita. Hefir þetta starf félagsins, eða Landvarnarmanna þar, verið »þagað i hel« eftir mætti. Eitt þeirra mála, er félagið tókst forgöngu fyrir, var *fánamálið* (fyrst 1906) og áttu Landvarnarmenn um það lengi harðar deilur og marga orrahríð við Heimastjórnarmenn. Í öllum þessum athöfnum og skærum tók Bjarni sinn þátt fullkomlega með ritgerðum, fyrilestrum og orðræðum á mannfundum.

Á þessu tímabili gerðust enn margir atburðir, sem mikils orkuðu um málafylgi og afstöðu flokka, en oflangt yrði að rekja það alt, jafnvel þótt fljótt væri yfir sögu farið, og »varð alt seinna en segir«.

Friðrekur konungur VIII. tók við ríkjum í febrúarmánuði 1906. Var hann vinur Íslendinga meiri en flestir Danakonungar. Skömmu síðar bauð hann öllum alþingismönnum í nafni ríkisstjórnar og ríkisþings til Danmerkur á næsta sumri. — Þjóðræðismenn risu fyrst gegn boði þessu, vildu eigi sinna því, heldur láta sína fulltrúa sitja heima. En Landvarnarmenn töldu boðið í alla staði kurteislegt og vinsamlegt í vorn garð og því skyldu að svara því með vinsemdu. Þeir höfðu þá eigi nema einn flokksmann á þingi, en hugðu þó, að gott mætti af boðinu leiða, þar sem það var auðsælega sprottið af stjórmálahug konungs, en kváðust vilja, að þingmenn héldi fast fram »fullkomnu sjálfstæði Íslands

sem óháðs sambandslands Danmerkur«. Gætim vér þá skipað inu innra fyrirkomulagi á stjórn vorri svo sem oss þætti haganlegast. Var látið í ljós, að eigi væri með öllu óhugsandi, að þau fagnaðarefni mætti gerast, »að íslenzku þingmennirnir allir eða flestir tæki höndum saman þegar þeir stæði andspænis útlendingunum« (sbr. »Ingólf« 19. mars 1906).

Um þetta varð þjark nokkurt. Málstaður Landvarnarmanna mæltist vel fyrir. Þjóðræðismenn breyttu hug og fóru. — Áður þingmenn færi utan, var margtritað um kröfur þær, er gera skyldi í förinni. Gaf Bjarni Jónsson þá út fyrilestur, er kallaðist »Sjálfstæði Íslands«. Hafði Bjarni farið utan haustið áður og flutt fyrilestur þenna á tíu stöðum í Noregi. Var þar rakin sjálfstæðisbaráttu Íslands frá upphafi og vikið að framtíðarkröfum Íslendinga. Þá var málid og rætt í Stúdentafélaginu (6. júní) og boðið til þingmönnum og blaðamönnum. Jón Jansson var málshefjandi. Lýsti hann þegar í upphafi ræðu sinnar, að sjálfstæði teldi hann oss þá hafa fengið, er vér hefðim fullveldi til að ráða öllum vorum málum og engir aðrir. Vóru allir Landvarnarmenn um þetta samhuga. Höfðu þingmenn fengið þaðan arið veganesti.

Skömmu áður þingmenn hyrfi heim, áttu þeir málfund við danska þingmenn um mál vor. Þar komu fram fjórar greinir, er allir Íslendingar vildu fram hafa:

1. Að skipað væri sambandi landanna með sambandslögum. Skyldu þau koma í stað stöðulaganna, en bæði þingin samþykja þau, alþingi og þing Dana. Skyldi bæði þingin velja menn til samningar laganna.
2. Árgjald ríkissjóðs Dana til vor skyldi reiknað til höfuðstóls og hann þegar goldinn landssjóði.
3. Að nafn Íslands skyldi taka í titil konungs. Þó skyldi þar eigi

- standa „konungur Danmerkur ásamt Íslandi“, heldur „konungur Danmerkur og Íslands“.
4. Að ráðherra Íslands væri framvegis skipaður með eigin-undirskrift eða undirskrift fráfarandi Íslandsráðherra.

Utanförin og málaleitan þessi leiddi til konungskomunnar næsta ár og skipun millilandaneftndarinnar. — Áður frekara væri kunnugt um árangur fararinnar en tillögur þær, sem þingmenn báru fram (og hafðar voru eftir dönskum blöðum), ritaði Bjarni um för þeirra á þessa leið:

„Alþingismönnum verður för þessi líklega til sóma. Hafa þeir látið óvild og flokkaríg eftir á hillunni heima. Má bezt sjá þetta þar á, að stjórnarsinnar hverfa að sama ráði um undirskriftina sem hinir. Er og gott eitt um þeirra fjórliðuðu kröfus að segja. Raunar er þriðji og fjórði liðurinn óþarfi, ef þeim fyrsta er ráðið til réttla lykta. Af ræðum flestra þeirra hefir og heyrzt gott eitt. Má blað þetta eigi láta ógetið þeirra orða, er Hannes Hafstein sagði, að Íslendingar vildu alt vinna sér til sjálfstæðis. „Ingólfur“ bauð honum þegar í öndverðu í flokk Landvarnarmanna og stendur það boð enn, ef hann leggur alhug á vorn málstað, þótt margt hafi nú á milli borið. . . .

Árangur fararinnar er þá orðinn sá, að þingmönnum vorum mun léttari samvinna eftir en áður. Má og enginn þeirra nú við mál þessi skiljast, fyrr en samningar eru komnir á um samband (eða skilnað) landanna. Því að höfuðstarf þeirra í ferðinni er í því fólgid, að þeir hafa losað um það bjarg, er legið hefir á sjálfstæði voru frá 1871, nauðungarlögin, stöðulögin.

Peir hafa nú gert sitt, ef þeir koma því til leiðar, að samningar hefjist. En þjóðin á eftir að skipa fyrir um það, hverjar kröfur megi gera minstar og eigi frá kvika.

Pær verða að vera þessar: *Ísland er sambandsland Danmerkur, en eigi undir hana gefið, en hefir sama konung.* Þar af leiðir að sjálfsgöðu, að hann heitir hér konungur Íslands og Danmerkur, en þar konungur Danmerkur og Íslands. Þar af leiðir enn, að engum getur komið til hugar að skipa íslenzkan ráðherra með danskri undirskrift. *Ísland hefir fult drottinvald yfir öllum sínum málum, en viðskiftum landanna er skipað með samningum, er endurnýjast á fárra ára fresti.* Hér af leiðir meðal annars, að al-

drei gæti komið til mála að gera Dani jafnréttiháa oss hér á landi, þótt þeir léti hið sama í móti koma. Því að þeir eru þrítgulfalt fleiri en vér og auk þess miklu auðugri. Mundi þá skjótt deyja hnittiyrið það, sem nú er algengt: *jafnrétti þegnanna.*

Þessar kröfur mun þjóðin láta fram bera af sinni hendi og eig; leyfa að samningar takist, sé nokkurs í fátt. En verði oss neitað um þessar réttlátu og hóflegu kröfur, þá gerum vér **skilnað**.

Pá mun sagt um þingmannaferðina:  
Oft verður stórt bál af litlum neista“.

Eftir heimkomu þingmanna heyrðist margt um ágætar viðtökur og veizluhöld, en harðla fátt um kröfur þeirra eða undirtektir Dana, nema afslepp og óákveðin orða-tiltæki þeirra um það, að »taka málid til athugunar«, »vænta góðs samkomulags« og þar fram eftir götum. Meira tók að bera á losi og sundrung í stjórnarfloknum og skömmu eftir heimkomuna kusu tólf þingmenn floksins sérstaka stjórn. Raddir heyrðust um það, er á leið, að réttast væri að taka »stöðulögin« til meðferðar af hálfu beggja aðilja og hvorttveggja löggjafarvaldið samþykki þau síðan, »til þess að Danir einir gæti eigi breytt þeim síðar«. Annars var mjög á huldu, hvað þingmenn og stjórn ætlaðist fyrir. — Í blöðum Dana komu fram ýmsar fregnir um orðræður manna, í veizluhöldunum og síðar, og margar »heimsklegar« tillögur, er sízt voru til þess fallnar, að efla traust almennings á Íslandi um »árangur« fararinnar. — Í einni veizluræðu lét nafnkunnur Dani svo um mælt, að konungur hefði viljáð »þyrja stjórn sína með því að tengja saman að-skilda hluta hins danska konungsrikis. Sameining þessara ríkishluta beggja megin hafssins myndar danska ríkið eða Stóru-danmörku og innan hennar vébanda liggur vor heimur, vor heimskringla«. — Eitt blaðið tekur fram, að það sé »að eins eitt«, sem eigi að vera ófrávikjanleg krafa Dana; það er: »jafnrétti þegnanna«, eða sami

réttur Dana til allra hlunninda landsins, sem landsmenn hafa sjálfir. — Annað blað leggur til að styrkja bræðrabandið með því, að Íslendingar fari að senda fulltrúa á ríkisþingið til þess að taka þátt í sameiginlegum málum. — Vakið er máls á, að alþingi lögleiði almenna her-skyldu og taki Íslendingar þátt í vörn ríkisins á ófriðartínum. Mörg brjóta upp á því, hversu Danir megi bezt tryggja sér verzlunina á Íslandi í framtíð.

Landvarnarmenn vildu reyna að sameina kröfur og krafta Íslendinga, áður en fyrirhuguð millilandaneftnd tæki til starfa. Í því skyni var unnið að samkomulagi meðal íslenzkra blaðamanna seint um haustið um kröfur þær, er halda skyldi fram. Varð þá að teygjast sem lengst til þess að nokkur von væri um allra samþykki. Að þessu starfaði mest Einar Benediktsson og hafði milligöngu meðal blaðamanna. Var þá samið »ávarp til Íslendinga« og birt 12. nóv. 1906. Undir ávarpið rituðu ritstjórar þjóðræðisblaðanna og ritstjórar »Ingólfss« og »Þjóðólfs«, og enn fremur var ritnefnd »Lögréttu« samþykk, en gerði þó ágreining um ríkisráðsákvæðið (taldi ekki ástæðu til að »gera nú þegar samtök um að halda að þjóðinni eini ákveðinni breyting á stjórnarskránni«). — Um ávarp þetta urðu síðar deilur milli blaðanna, því að þau urðu ekki ásátt um, hvern skilning í þáð skyldi leggja. Gekk ritstjórn »Lögréttu« úr öllu bandalagi og átti langar þrætur við »ávarpsblöðin«, bæði um þáð og öll sjálfstæðismál. Fylgdi blaðið stjórninni þá og síðan fast að málum. Þó bar ávarpið þann árangur, að »Þjóð-ólfur«, helzta og öflugasta blaðið, er stutt hafði stjórnina, fylgdi upp frá þessu sömu kröfum sem Landvarnarmenn.

Bjarni lét sér eigi alls kostar getið að orðalagi ávarpsins, þegar þáð kom út, en leiddi þó hjá sér að

gera ágreining um þáð, enda gerðust brátt önnur viðfangsefni.

Fám dögum eftir birting ávarpsins, kom hingað fregn eftir »Politiken«, þess efnis, að kosin mundi nefnd, áður ríkisþinginu sliti »til þess að ihuga endurskoðun á lögnum frá 2. jan. 1871 um stjórnarstöðu Íslands gagnvart ríkinu«. Segir blaðið enn fremur, að »búið sé við (þótt ekki sé fastákveðið um þáð), að nefndina skipi ellefu ríkisþingsmenn og sjö alþingismenn«. Mundi þessum fulltrúum boðið í Íslandsför með konungi og nefndin taka til starfa á næsta vetri í Khöfn.

Þessar fréttir þóttu heldur ískyggilegar. Rifjaðist þáð upp, að sum Khafnarblöð höfðu borið hrós á íslenzk þingmennina fyrir þáð, að þeir vildi una því að vera í minna hluta í þessari væntanlegu nefnd. Þótti sýnt, að Danir vildi, að nefndarskipunin sjálf bæri ótvírætt merki yfirráða þeirra og drottinvalds yfir Íslandi, og riði skipan þessi mjög í bág við þáð, að tveir jafnréttihair aðiljar ættist við. Ísland ætti miklu meira í húfi en Danmörk um samningana, þar sem Danir hefði valdið, en Ísland vanréttið, og þáð væri mál Íslands en ekki Danmerkur, sem um skyldi fjallað. — Hófu Landvarnarmenn þegar kröfu um þingprof og almennar kosningar fyrir næsta þing, svo að þjóðin gæti skipað þingið að vild sinni áður en valin væri nefnd þessi, er svo miklu mætti orka um örlog og frelsi landsins um langan aldur. — Öll blöð önnur, þau er óskorað höfðu fallizt á »blaðamannaávarpið«, tóku fast og eindregið í sama streng. — Bjarni Jónsson var þá formaður Stúdentafélagsins. Hafði félagið þá unnið ákaft að fylgi og framgangi fánamálsins síðara hlut ársins undir ötulli forustu hans. Nú kvaddi hann til fundar í árslokin (29. dec.) og hóf umræður um þingprof; var ræða hans einkarsnjöll og

ljóslega rökstudd. Þingrofs-krafan hlaut eindregið fylgi fundarins og var jafnframt samþykt, að félagið gæfi út ræðu formanns. Skyldi hún send ókeypis um land alt. Ræðan var prentuð, kallaðist: »Þjóðin og þingræði« og var send um allar sveitir.

Krafan um þingrof fekk enga áheyrn meðal stjórnarinnar og hennar liða. Höfðu tuttugu þingmenn, þeir er stjórninni fylgdu fastast, gert ný samtök til mótmæla og andróðurs öllum »nýjum kröfum« í stjórnarmálínu og vildu ekkert um þingrof heyra. »Lögréttá« var nú höfuðblað stjórnarinnar, og stóð ið mesta þjark í milli ritstjórnar hennar og »ávarps«-blaðanna langa hríð. — Blöð Dana tóku nú að veita meira athygli umræðum Íslendinga og tóku flest eða öll í þann streng, að réttara mundi og heillavænlegra fyrir árangur af starfi nefndarinnar, að þingrof færi fyrst fram á Íslandi. Eins fór þeim nú að skiljast, að sú in mikla alda, er risin var á Íslandi, mundi stafa af brögðum og blekkingum Albertis 1903, er hann hefði neytt færir að smeygja inn ríkisráðs-ákvæðinu.

Þegar útséð þótti um, að þingrof yrði látið fara fram, báru Landvarnarmenn fram tillögu um, að stofnað yrði til þjóðfundar á Þingvelli um sumarið til þess að þjóðin fengi færi á að setja þar fram ákveðnar tillögur, áður nefndin yrði skipuð. (»Ingólfur« 7. mars 1907). Hurfu nú að þessu ráði blöð þau öll, er í fyrrgreindum samtökum vóru. Ritstjórar blaðanna gáfu út fundarboð 4. maí, sem orðað er á þessa leið:

„Með því að ekkert varð af þingrofi í vor, með nýjum kosningum til alþingis, þó að taka eigi til meðferðar á þingi í sumar sjálfstæðismál landsins, sambandsmálið við Dani, leyfum vér undirritaðir ritstjórar ávarpsblaðanna (frá 12. nóv. f. á.) oss að skora á þjóðina að kjósa fulltrúa á allsherjarfund, er vér ætlumst til að

haldinn verði að Þingvelli við Öxará laugardag 29. júní þ. á., helzt einn fulltrúa fyrir hvern hrepp á landinu og að likri tiltölu fyrir kaupstaðina; og hugsum vér oss aðalhlutverk fundarins það að láta uppi og lýsa yfir vilja þjóðarinnar í sjálfstæðismáli hennar“.

Reykjavík og Akureyri, 4. maí 1907.

Benedikt Sveinsson. Björn Jónsson. Einar Arnórsson. Hannes Þorsteinsson. Sigurður Hjörleifsson. Skúli Thoroddsen.

Fundarboðið fekk ágætar undirtektir um land alt. Í Reykjavík var fundur haldinn 28. maí til þess að kjósa fulltrúa af hálfu Reykvikings til Þingvallafundar. Vóru kosnir fímtán menn. Þar af vóru sjö úr flokki Heimastjórnarmanna, fjórir Landvarnarmenn og fjórir Þjóðræðismenn. Bjarni Jónsson var einn af fulltrúum Landvarnarmanna.

Fánamálið hafði siglt hraðbyri frá því það var hafið. Stúdentafélagið hafði kosið fimm manna nefnd snemma vetrar til þess að bera fram tillögur um gerð fánans. Vóru þær gerðar, og samþyktar af féluginu og síðan um alt land. Rigndi tillögum þessum hvaðanæva að alt fram á sumar. Ákvað nefndin, að fáninn skyldi fyrst hafinn á stöng alment um landið fæðingardag Jóns Sigurðssonar, 17. júní. Vóru þá 65 íslenzkir fánar dregnir á stöng í Reykjavík. Þann dag flutti Bjarni snjalla ræðu af svöldum alþingishússins fyrir minni Íslands.

Nú var hrundið deyfð og drunga af hugum manna í landi, bæði ungra og gamalla. Gerðust menn gunnreifir, því að vel gekk fram. »Vex hvern af gengi«.

Þjóðfundurinn á Þingvöllum var háður á tilsettum degi. Safnaðist þangað fjöldi manna. Fulltrúar vóru kosnir úr níutíu og tveim hreppum og úr öllum kaupstöðum landsins. Sóttu þeir fundinn flestir, svo að fulltrúar vóru yfir hundrað. Auk þess sóttu þangað margir aðrir, svo að þingheimur var um fjögur hundruð manna.

Veður var bjart og fagurt um morguninn og sólarbros yfir vellinum. Þegar sól var í dagmálastað hófst Lögbergsganga. Gengu stúdentar í fararbroddi með fánann, en lúðrasveit lék gönguslag. Var haldið til Lögbergs ins forna. Gekk Bjarni Jónsson á Lögberg og var fáninn þangað borinn, en menn settust í hvirfing hjá. Síðan tók Bjarni til máls (enda var hann formaður stúdentafélagsins); drap fyrst á minningar þær, myrkar og bjartar, er yfir vellinum svifi; mintist lögsögumanins, er hann stóð á þessu bergi og sagði upp lög. Síðan mælti hann:

„Þeir tímar eru nú löngu liðnir, og þótt eg gangi nú á bergið, þá er það eigi fyrir þá sök, að eg þykist sjálfskjörinn lögsögunaður þessa lands. Hitt ber til, að mér er heimilt sem hverjum öðrum Íslendingi að gerast löglestrar-maður. Mun eg því lesa framtíðarlög þessa lands, þau er rituð eru í hug yðvarn og minn.

Það er fyrsta grein laga vorra, að hverjum Íslendingi er skyld að *vilja*, að Ísland nái aftur fornum frægðarljóma sínum og *sjálfstæði*, og að víkja aldrei.

Sú er næsta grein laga vorra, að oss er öllum skyldt að *vona* að Ísland nái aftur fornum frægðarljóma sínum og *sjálfstæði* sem það hefir bezt átt.

Priðja grein laga vorra er sú, að oss er öllum skyldt að *berjast* fyrir því, að frægð og blómi lands vors verði sem mestur á ókomnum tínum og sjálfstæði þess fult og óskert. En þeir menn, sem berjast með erlendu valdi gegn rétti þessarar þjóðar og þeir, sem eigi vilja berjast með þjóðinni, — þeir menn skulu gerðir þjóðernislausir vargar í véum.

Pessi framtíðarlög Íslands les eg í hugum yðrum og eru þau undir öllum öðrum lögum og *yfir þeim*, undirstaða og yfirlögmal.

Pessu stríði má aldrei linna, sem nú nefndi eg, og skal það ganga að erfðum til barna vorra og þeirra barna, og þá fyrst hlé á verða, þegar fyltar eru kröfur þessara laga. — Og hér er fáni sá, sem borinn skal í broddi fylkingar vorrar. Afhendi eg hann hér kjörnum fulltrúum þjóðarinnar til sóknar og varnar og helga hann hér að Lögbergi, en það köllum vér að löghelga.

Eigi undrar það mig, þótt nú sé gleðisvipur og sólarbros yfir

Þingvelli, því að nú renna hér saman sólminningar gullaldarinnar og vorvonir framtíðarinnar”.

Lauk hann ræðu sinni með stefjamáli. Þar í var þetta:

— nú er í landi  
líf og andi ...  
en í armi stál  
og eldur í máli,  
og þótt sókn gráni  
er hér sigurfáni.

Héldu menn síðan til búða. Dreif enn fjölmenni til fundarins.

Á hádegi gekk alt fjölmennið skruðgöngu til Lögbergs undir blaktandi fánum og lúðraþyt. En er komið var til Lögbergs gengu fulltrúuar inn fyrir véböndin, en fánar gnæfðu á stöngum umhverfis á berginu.

Nú hófst Þingvallafundurinn. Ákvæðið var að hafa sjálfstæðismálið eitt á dagskrá. Var Bjarni Jónsson einn þeirra sjö manna, er kosnir voru í nefnd þá, er gera skyldi tillögur. Var þá fundarhlé um stund, en síðan hófust umræður um tillögur nefndarmanna. Var málið rætt af kappi og fjöri og áhuga. Nokkrar breytingartillögur komu fram, en voru allar teknaðar aftur. Tillögur nefndarinnar voru síðan bornar upp til atkvæða og samþykta í einu hljóði.

Samþyktin var svo:

1. a. Fundurinn krefst þess, að væntanlegur sáttmáli við Dani um afstöðu landanna sé gerður á þeim grundvelli einum, að Ísland sé frjálst land i konungssambandi við Danmörku með fullu jafnrétti og fullu valdi yfir öllum sínum málum. En þeim sáttmála má hvor aðili um sig segja upp. — Fundurinn mótmælit allri sáttmálsgerð, sem skemra fer, og telur þá eigi annað fyrir höndum en skilnað landanna, ef eigi nást slíkir samningar, sem nefndir voru.

- b. Fundurinn telur sjálfsagt, að Íslendingar hafi sérstakan fána, og felst á tillögur Stúdentafélagsins um gerð hans.
- c. Fundurinn krefst þess, að þegnréttur vor sé íslenzkur.
- 2. Sökum þess, að alþingi var eigi rofið, þegar aftráðið var að skipa samninganeftnd í sjálfstæðismálini, skorar fundurinn á alþingi og stjórn að sjá um, að nefndin verði eigi skipuð fyrr en kosið hefir verið til alþingis af nýju.

Að þessu loknu var fundi slitið. Síðar um kveldið áttu margir fulltrúar með sér einkafund í tjaldi Landvarnarmanna. Var þar enn rætt um samtök fundarmanna til fylgis tillögum þeim, er gerðar höfðu verið. Kom alt vel ásamt með mönum. Skildust allir glaðir og gunnreisir, harðla ánægdir um úrslit fundarins.

Bjarni hafði átt mjög mikinn þátt að samþykktum fundarins, enda var hann í tillöguneftndinni og hafði einnig látið mjög til sín taka á fundi, er fulltrúarnir áttu með sér í Bárubúð í Reykjavík kveldið áður til undirbúnings, allir þeir, er þá voru staddir í bænum og til náðist. Undi hann og ið bezta við fundinn og úrslit hans, enda mátti vel vera sigri hrósandi.

Þingvallafundurinn var stórum merkilegur atburður í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Þar kom fullkomlega fram árangurinn af baráttu Landvarnarmanna frá því er flokkurinn hófst. Hér voru staðfestar og í fastar skorður færðar kröfur þær, er fram höfðu komið á allflestum þingmálfundum um vorið um alt land, þar á meðal í kaupstöðunum öllum — og gengið höfðu með sjálfstæðiskröfunum, en gegn andróðri stjórnarinnar og hennar fylgismanna. Mest var um það vert, að nú hafði Landvarnarflokkurinn, Þjóðræðisflokkurinn og Heimastjórnarmenn, allur sá hluti, er »Þjóðólfi« fylgdi að málum, tekið höndum saman um fullkomnar og fastákveðnar kröfur fyrir þjóðarinnar hönd, er alls eigi skyldi frá víkja.

— Fundurinn var glæsilegur árangur þeirrar baráttu, er háð hafði verið síðan Alberti smeygði ríkisráðsfleygnum inn í stjórnarskrána, og jafnframt undirstaða ins mikla úrslitasigurs, er unninn var á »uppkastinu« sumarið eftir og að þeim frelsiskröfum, er jafnan síðan voru bornar fram.

Upp frá þessu voru flokkar þeir, er tillögum fundarins fylgdu, stundum nefndir einu nafni Sjálfstæðismenn eða sjálfstæðisflokkur, en ekki skipuðu þeir þó samstæðan flokk fyrr en eftir birting »uppkastsins« árið eftir.

Að alþingi var borin fram tillaga í báðum deildum öndvert þing, um að skora á stjórnina að ráða konungi frá því að skipa menn í sambandsnefndina, fyrr en nýjar kosningar hefði farið fram til alþingis. Tillagan var að fullu samkvæm nærfelt öllum þingmálfundum landsins og Þingvallafundi. En meiri hluti þingsins (stjórnarliði) skeytti henni að engu; var hún feld í báðum deildum; í efri deild með eins atkvæðis mun. Síðan var bent á menn í nefndina; voru fjórir úr flokki stjórnarsinna og þrír úr Þjóðræðisflokknum. Stjórnarflokkurinn vildi nefna Sigurð Jansson í nefndina fyrir hönd Landvarnarmanna, en hann skoraðist undan og benti á Jón Jansson yfir-dómara. Ráðherra taldi það eigi mega vera, þar sem nefndin mundi einungis skipuð alþingismönnum, en færði engi rök fyrir, að svo þyrfti að vera. — Konungur staðfesti síðan þessa útnefningu.

Allir höfðu þessir útvöldu menn samþykt stjórnarskrána með ríkisráðsfleygnum 1903.

Landvarnarmenn stofnuðu málfundafélag í Reykjavík öndverðan október-mánuð undir fimm manna stjórn. Jafnframt kusu þeir sjó manna allsherjarstjórn fyrir allan flokkinn. Starfaði bæði félagið og flokksstjórnin allan veturinn. Bjarni var í hvorri-tveggju stjórninni, en í

flokksstjórn vóru með honum: Benedikt Sveinsson, Guðmundur læknir Hannesson, Guðmundur læknaskólaformáður Magnússon, Jens prófastur Pálsson, Jón Jensson og Jón skjalavörður Þorkelsson. Stjórnin átti góða sambinnum bæði innbyrðis og við stjórn Þjóðræðisfiokksins. En það þótti Landvarnarmönnum öruggara, að hvor flokkur hefði sína stjórn, þar til séð væri til hlítar um úrslit sjálfstæðismálsins í nefndinni, þar sem Landvarnarmenn áttu þar engan fulltrúa og eigi þótti fullörgut, nema Þjóðræðismenn kynni að verða eithvað bundnir af gerðum sinna fulltrúa þar, þótt miður tækist en skyldi. Vóru Landvarnarmenn skeleggir í því að slaka hvergi frá settum réttarkröfum.

Bjarni gerðist meðritstjóri »Ingólfss« um haustið, þá er Ari Jónsson fór utan. Reit hann þá margt í blaðið. Skúli Thoroddsen fekk honum og umsjón með útgáfu blaðs síns, »Þjóðviljans«, er hann fór utan til nefndarstarfa. Sjálfur réðst Bjarni til utanferðar að ráði vina sinna öndverðan marsmánuð. Fór hann til Khafnar til þess að vera sem næst kominn til Íslendum þeim, er gerðist í nefndinni. Fekk hann ritstjóra »Ingólfss« í hendur starfa sinn við »Þjóðviljann«.

Utanför Bjarna var til heilla ráðin, því að nú gafst honum færi á að ná tali nefndarmanna, að minsta kosti þeirra, er honum stóðu næst, og leitast við herða kröfur þeirra, þótt eigi mætti þeir frá því skýra, er í nefndinni gerðist. Má telja víst, að Skúla Thoroddsen hafi orðið góður styrkur að ráðum Bjarna og tillögum, en hann naut sín eigi til fulls við nefndarstörfin fyrir vanheilsu sakir og mátti eigi á heilum sér taka, er á leið.

Litlar fóru fregnir af störfum nefndarinnar, en litt heillavænlegar, þær er bárust.

Nefndin lauk störfum sínum um vorið, 14 maí. Tóku

nú að berast fregnir af gerðum hennar, og allfagar fyrst, — „niðurstaða *Pingvalla*“ —, en síðan sundurleitar og eigi fullkomnar, fyrr en »bláa bókin« sjálf barst mönnum í hendur. Það vissu menn brátt með sannindum, að nefndin hafði klofnað og var Skúli Thoroddsen einn í minna hluti; svo og hitt, að mörgum Íslendingum í Khöfn þóttu úrslitin stórlega athugaverð.

Í þessum svifum barst »Ingólfss« svofelt símskeyti frá Bjarna Jónssyni:

„*Upp með fánann. Ótiðindi!*“

Þótti þá Landvarnarmönnum sýnt, hversu sakir stæði, því að þeir treystu Bjarna manna bezt til »vits og einarðar að segja frá«.

Fám dögum síðar (14. maí) barst hingað íslenzk þýðing af »uppkastinu«, en af danska textanum að eins 1. grein. Máttí þar af þegar sjá, að þýðingin var beinlinis röng og mjög villandi í mikilvægum atriðum. Samdægurs bárust blaðamönnum ályktarorð frá Skúla Thoroddsen og Ara Jónssyni. Vissu menn þá skil á stórgöllum »uppkastsins«.

Bjarni tók sér fari heim til Austfjarða og fór norðan um land til Reykjavíkur. Varð hann samferða sumum nefndarmönnum. En hvarvetna er hann kom á land í höfnum, þá skaut hann á málfund, skýrði frá úrslitum nefndarstarfsins og hvatti menn til uppreistar í móti; svo og hvern þann mann, er hann hitti eða átti samleið með og honum þótti nokkurt mundang að. Vanst honum brátt eigi all-litið, einkum það, að menn ginu eigi við fagurgala »uppkastsmana« að óséðu, heldur biðu átekta. Fregnir þessar bárust jafnharðan um land alt og til Reykjavíkur. Sagði þá Jón Jensson í gamni, að hvarvetna sæi reykinn upp af, þar sem Bjarni kæmi við land og lysti eldi í bygðina.

Helztu stórgallar »uppkastsins« vóru þegar í stað taldir þessir:

»Island danner sammen med Danmark en Statsforbindelse, det samlede danske Rige. — Íslendingar innlimaðir óupppsegjanlega dönsku valdi í utanríkismálum og hermálum. Dönum á Íslandi heimilt jafnrétti við Íslendinga óupppsegjanlega og öllum þegnum danska ríkisins heimilaður fiskiveiðaréttur í landhelgi Íslands um 30—40 ár. Dannebrog jafnlengi lögfest verzlunarflagg út á við. Dómstjóri hæstaréttar oddamaður ef ágreiningur rís milli alþingis og ríkisþings. Sambandið ríkisréttarlegt en ekki þjóðréttarlegt. Þýðingin röng viða í mikilvægum atriðum til þess að »uppkastið« gangi betur í augu Íslendinga. — Síðar var bent á fleiri agnúa.

Nær allir Landvarnarmenn snerust þegar gegn »uppkastinu«, er þeir fengu um það sönn tilindi. Svo var og um mjög marga Þjóðræðismenn og Heimastjórnarmenn. En það hamlaði foringjum Þjóðræðisflokkssins í fyrstu frá skörulegum úrskurði, að nefndarfulltrúar þeirra tveir höfðu fallizt á »uppkastið«.

Þorsteinn skáld Erlingsson tók þá mjög snarplega í streng og mælti manna fastast gegn »uppkastinu«, áður Bjarna væri við kostur.

Flokkstjórn Landvarnar bar eigi lengur gæfu til samþykkis. Meiri hlutinn gekk skelegglega gegn »uppkastinu«, en Jón Jansson hallaðist að því, sakir þess, að »ríkisráðsákvæðið« kom nú eigi lengur til greina. Skyldi þar með honum og öðrum Landvarnarmönnum, þótt ilt þætti þeim mörgum. Varð þá eigi meira um samvinnu flokksstjórnar.

Þegar suður kom, gerðist Bjarni inn öflugasti forvígismaður Landvarnarmanna, á þeim stórfundum, sem háðir vóru. Tókst nú in harðasta barátta með flokkun-

um og stóð rimman alt til kosninga um haustið. Bjarni gaf sig þá allan við máli þessu um sumarið. Atti hann kappi við frumvarpsmenn, einkum ráðherra, á fjölda funda, bæði austanfjalls og í Reykjavík, i Galtarholti í Borgarfirði, Snæfellsnesi, Sveinsstöðum í Húnavatnshringi, og alt fór hann norður á Akureyri. Var þar hardur fundur háður. Var ráðherra á mörgum þessum fundum. Lét Bjarni hvergi deigan síga, hafði og örugga samherja á sumum fundum, einkum sunnanlands. Úrslit kosninga báru vitni, hverjum betur sóttist.

Bjarni bauð sig fram í Döllum um sumarið og þeir Jón Jansson. Hefði það þótt »fyrirsögn« áður. Háðust þeir við á mörgum fundum í heraði. Bjarni sigraði við mikinn atkvæðamun. Var hann ávalt síðan fulltrúi Dalamanna á alþingi, einu sinni sjálfkjörinn, en oft sigraði hann eftir harða kosningahrið.

Aldrei hefir slikt fjör verið á Íslandi sem sumarið 1908. Aldrei barizt svo snarplega landshorna í milli um æðstu mál þjóðarinnar.

Úrslitin urðu þau við kosningarnar um haustið, 18. september, að 25 sjálfstæðismenn hlutu kosning og 9 frumvarpsmenn. Skúli Thoroddsen var einn sjálfkjörinn, þrír aðrir nefndarmenn náðu kjöri, tveir féluru. Af flokksstjórn Landvarnar vóru fimm í kjöri. Náðu allir kosningu nema sá einn, er með var »uppkastinu«.

Á alþingi var Bjarni jafnan þar í flokki, er sjálfstæðiskrufunum var haldið fastast fram, bæði í baráttunni um fánann, stjórnarskrárbreytingar og annað, er að sjálfstæðismálum laut. Hann var í sambandslaganeft 1909 og fylgdi fast frv. meira hlutans. Var það samþykkt við mikinn atkvæðamun á alþingi, en ríkisþing Dana tók það eigi til meðferðar. Hann kaus Skúla Thoroddsen til valda 1909 og 1911. Greiddi atkvæði vantraustsyfirlýs-

ingum gegn ráðherrunum Birni Jónssyni og Kristjáni Jónssyni árið 1911. Þá var hann annar flm. að frv. til stjórnarskrár og sat í nefnd, er um málid fjallaði. Náði það samþykki þingsins með nokkurum breytingum. Við kosningar um haustið hétu þingmannsefni að hreyfa ekki sambandsmálinu, en samþykka stjórnarskrána á ný. Sjálfstæðisflokkurinn var í lamasessi fyrir sundrung út af bankamáli, stjórnarskiftum og fleira og hafði mist tvö blöð sín: »Ingólf« og »Þjóðólf«. Beið hann því lægra hlut við kosningarnar. Heimastjórnarmenn komu að 20 eða 21 þingmanni, sjálfstæðisflokkurinn 10 og þrír eða fjórir utan flokka. — Vorið 1912 hófst inn svo-nefndi »bræðingur« eða samtök um að taka upp sambandsmálið á grundvelli frv. 1908, með breytingum »eftir atvikum«, þvert ofan í loforð við kjósendur. Gengu þá sjö menn úr sjálfstæðisflokknum í bandalag við Heimastjórnarmenn. Fór það leynt fyrst. Vóru þrír eftir: Bjarni, Sk. Th. og B. Sv. Mótmæltu þeir fastlega »tillögu«, er borin var upp í sameinuðu þingi um að fela stjórninni að »bera það fram við konung, að leitað verði nýrra samninga um sambandið milli Íslands og Danmerkur«. Tillaga þessi var samþykkt með 31 atkv., 5 greiddu atkvæði í móti, tveir greiddu eigi atkvæði, tveir vóru ekki viðstaddir. Tillögumenn þessir skipuðu þá inn svo nefnda »sambandsflokk«, en hann átti sér skamman aldur. Stjórnin lagði stjórnarskrárfrumvarpið eigi fyrir þingið. Tóku þeir Sk. Th. og Bjarni það upp, en »sambandsflokkurinn« eyddi því með rökstuddri dagaskrá. — Ráðherra fekk engu til vegar komið við Dani; hafði þó heim með sér nýtt »uppkast« frá Danmörku undir árslok, sem þótti enn há óaðgengilegra en »uppkastið« 1908. Stefndi hann saman flokksmönnum sínum af þingi viðs vegar af landi til fundar í stjórnarráði, en

ekki vóru þangað kvaddir þingmenn úr Reykjavík, þeir er andvígir höfðu verið upptekt málsins. Var málid rætt þar á lokuðum fundi í two daga. Sjálfstæðismenn boðuðu þá kjósendur til mótmælafundar í Reykjavík (10. dec.), en meðan á honum stóð, kom sú frétt af stjórnarráðsfundi »sambandsflokkins«, að hann hefði með öllu fallið frá að halda fram inu nýja »uppkasti«. Gægðist það aldrei upp síðan.

»Sambandsflokkurinn« tók mjög að riðlast á alþingi 1913. Þá gerðist Bjarni fyrsti flutningsmaður að frv. um br. á stjórnarskránni, ásamt flokksbræðrum sínum tveimur, er sæti áttu í neðri deild. Frv. náði fram að ganga. Var því þingrof og kosningar síðla um veturninn eftir. Allir þeir 5 menn, er atkvæði greiddu gegn upptöku sambandsmálsins vóru endurkosnir, þrír gagnsóknarlaust og auk þeirra fjöldi nýrra og gamalla sjálfstæðismanna, en »sambandsflokkurinn« kom svo fám mönnum að, að hann lagðist niður. Ráðherra flokksins (H. H.) beiddist lausnar skömmu eftir kosningar, og tók Sigurður Eggerz við völdum um sumarið. Þá um sumarið samþykta báðar deildir fyrirvara um uppburð Íslandsmála fyrir konungi í ríkisráði. Bjarni aðhyltist þá fyrirvara meira hlutans. Leiddi af þessu öllu deilur miklar og stjórnarskifti, og riðlaðist þá nokkuð flokkur Sjálfstæðismanna in næstu ár. Kom það til, að menn greindi á um það, hvort nægilega tryggilega væri gengið frá skilyrðum þeim, er alþingi setti í fyrirvaranum. Sigurður Eggerz hafði haldið fast á kröfum fyrirvarans fyrir konungi á ríkisráðsfundi og lagt við ráðherrastarfíð. Flutti Bjarni honum þakkarkvæði í samsæti því, er honum var haldið í Rvík eftir heimkomu sína. Lauk málum svo (1915), að stjórnarskráin var staðfest og staðarfáni lögiltur. Þótti þá mörgum að litlu lotið.

Nú skall styrjöldin yfir. Íslendingar urðu sjálfir að fleyta sér, gera viðskiftasamninga við aðrar þjóðir, senda út fulltrúa og nefndir, er bæði störfuðu í Vesturheimi og í Englandi. Stórbjóðirnar höfðu »vernd smáþjóðanna« mjög ofarla á dagskrám sínum. Alt gaf þetta sjálfstæðisstefnunni byr undir báða vængi. Þótti Íslendingum óhæfa að afhenda aftur í hendur Dana að ófriðnum loknum sjálfstæði sitt eða sjálfræði, er þeir höfðu nú haft í verki meðan vandinn var mestur.

Aukaþingið um áramótin 1916—17 vildi efla stjórn landsins og setti því lög um þrjá ráðherra. Bjarni gekst mest fyrir því, að Jón Magnússon tókst þá á hendur myndun ráðuneytis. Hafði það stuðning allra flokka. Var það fullkomlega að hvötum Bjarna og í samráði við hann, er forsætisráðherra mælti svo um sjálfstæðismálín í þingræðu, er ráðuneytið tók við völdum:

„Um eitt erum vér einhuga, að vinna að því af fremsta megni, að þjóðin nái fullum yfírráðum yfir öllum málum sínum og afráða ekki neitt í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, án vilja og vitundar þeirra þingflokkra, er veita ráðuneytinu fylgi sitt“.

Sumarið eftir setti nd. alþingis fullveldisnefnd, skipaða sjó mönnum, »til þess að ihuga og koma fram með tillögur um, hverjar ráðstafanir gera skuli til að ná sem fyrst öllum vorum málum í vorar hendur og fá viðurkenningu fullveldis vors«. — Bjarni var einn af tíu flutningsmönnum og fekk sæti í nefndinni. Flutti nefndin þegar þingsályktunartillögu þess efnis að »skora á stjórnina að sjá um, að Íslandi verði þegar ákveðinn fullkominn siglingafáni með konungsúrskurði«. — Alþingi samþykti tillöguna í einu hljóði.

Milli þinga höfðu þeir Bjarni og þingm. N.-Þing. umboð fullveldisnefndar, til þess að halda í horfi kröfum hennar.

Forsætisráðherra fekk eigi framengt við konung til-lögu alþingis um íslenzkan siglingafána. Sagði ráðherra konungi, að næsta alþingi mundi alls eigi láta málid niður falla, þótt stjórnin legði eigi niður völd svo sem á stæði. (Um þetta mál alt flutti Bjarni tvö skilmerkileg erindi í Sjálfstæðisfélaginu 2. og 16. dec. 1917; eru þau birt í tímáriti hans »Andvöku« 1. hefti, er út kom öndvert ár 1918),

Konungur létt svo um mælt í synjunar-ástæðum sínum í ríkisráði Dana (14. nóv.), að hann gæti eigi fallizt á fyrrgreinda tillögu forsætisráðherra nema því að eins að jafnframt lægi fyrir honum til staðfestingar lög um allsherjarskipun á réttarsambandi landanna, Danmerkur og Íslands. Féllu ummæli í þá átt frá konungi, að hann mundi fallast á það, að reynt væri þá þegar að koma nýju skipulagi á samband landanna. Alþingi og ríkisþing fellust á þetta vorið eftir (1918). Sendu Danir hingað fjóra fulltrúa til samninga við alþingi og stjórn. Kaus alþingi jafnmarga menn af sinni hálfu. Samningar stóðu frá 1. júlí til 18. s. m. og varð árangur nefndarinnar frumvarp það til sambandsлага, er samþykt var af alþingi um haustið með öllum atkvæðum gegn tveimur, sínu í hvorri deild. Ríkisþing Dana samþ. lögin af þeirra hálfu, og mikill meiri hluti íslenzkra kjósenda gaf því samþykki sitt. Vart þúsund manna greiddi atkvæði í móti. Sambandslögin gengu í gildi 1. dec. 1918.

Bjarni sat í samninganefndinni um sumarið og tók mjög mikinn þátt í störfum hennar. Lagði hann mikinn hug á, að fram gengi málid með þeim hætti, að Íslendingar mætti vel við una. Gáfu þeir Einar Gunnarsson út dagblaðið »Fréttir« um vorið og sumarið málinu til fylgis. Bjarni fylgdi frumvarpinu fast fram á alþingi um haustið. Urðu um það nokkuð snarpar deilur bæði utan

þings og innan, einkum út af 6. gr. (fullkomnu þegnajafnrétti Dana og Íslendinga) og 7. gr. (meðferð utanríkismála). — Þó kannaðist Bjarni við það, að fullveldisviðurkenning Dana væri nokkuð dýru verði keypt með ýmsum réttinda-veizlum. — »Sennilegt þykir mér«, segir hann nokkrum árum síðar, »að vér hefðim mátt ná betri kostum, ef eigi hefði einhverjur Íslendingar gerzt til þess að segja samningamönnum Dana, að nú væri menn ánægdir, þótt vér samningsmenn og fullveldisnefndir þingsins gerðim þá enn ýmsar kröfur« (»Andvaka« 4. bls. 228). Mest þótti Bjarna áfátt um frágang 7. greinar um utanríkismálin, og einkum framkvæmdir stjórnarinnar á þeim. Hélt hann þessu mjög fram á alþingi síðustu árin og eins utan þings í ræðu og riti. Þar sem Danir fara með utanríkismálin i umboði Íslands, þá átti þegar frá upphafi einn íslenzku ráðherranna að vera og heita utanríkis-ráðherra, og svo verður að vera hér eftir, sagði hann. »Vér verðum einmitt að vaka yfir framkvæmd sáttmálands í öllum atriðum, og sérstaklega í þessu efni, og missa aldrei sjónar á því til 1940, og láta þess þá engan kost að endurnýja þenna sáttmála« (»Andvaka« 4. bls. 230).

Þá mætti drepa lítíð eitt á afskifti Bjarna af »dansk-íslenzku ráðgjafarnefndinni«, sem fyrir er skipað í 16. grein sambandslaganna. Það er fullkunnugt frá upphafi, að nefnd þessi var sett á laggir eingöngu fyrir kröfu og þráfylgi inna dönsku samninga-manna sumarið 1918 og átti frá þeirra hálfu að koma til uppbótar fyrir »rik-isráðið« danska, er þangað til hafði höndum farið »öll lög og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir«, er Ísland varðaði. Á hinn bóginn hefir það ávalt verið fjarri Íslendingum að vilja hlutast til um danska löggjöf. Ákvæðið um nefndarsetning þessa sætti því þegar eindregnum

andmælum og var það sízt að vilja Íslendinga, þótt það næði samþykki eftir því sem á stóð. Bjarna var nauðugt að ganga að ákvæði þessu; kvað þó nefndina eiga að verða atkvæðalausa, ekki annað en »núll«-nefnd. Þegar að því kom að kjósa í nefndina þrjá menn af Íslands hálfu, varð Bjarni þegar fyrir kjöri og endurkosinn jafnan úr því, síðast á þinginu 1926, þótt þá væri næsta vonlitið, að honum ynnist heilsa til að starfa þar lengur. Gerðabækur nefndarinnar bera þess vitni, að Bjarni stóð þar vel á verði fyrir Íslands hönd, sem vænta mátti. Meðal mála þeirra, er nefndin tók til meðferðar, var krafa alþingis um endurheimt skjala, rita og forngrípa, er héðan hafa ýmsu faraldi komið í söfn Dana. Hefir nú rætzt vonum betur úr þeim kröfum, því að inir dönsku nefndarmenn tóku skynsamlega í málid<sup>1)</sup>. Þó er mikilla muna vant, að alt sé fengið, er réttur stendur til og full sanngirni. Gekk Bjarni öðrum framar í nefndinni um kröfurnar, því að hann krafðist *Flateyjarbókar* heim og annarra rita, er sömu máli gegnir. Rök hans voru þau: Brynjólfur biskup gaf bókina konungi sínum, þ. e. a. s. konungi Íslands. Nú var eðlilegt, að þessi íslenzki dýrgripur væri geymdur í þeirri bókhlöðu, er þá var ein til og engin var slík á Íslandi. En nú, þá er góð og örugg bókhlaða er sett upp hér í landi, og mentastofnun í íslenzkum fræðum, þá er það eitt réit, að konungur Íslands geymi hér sína íslenzku kjör-gripi slika. Þessu mun vant að hrinda með rökum.

Einn þáttur í starfsemi Bjarna fyrir sjálfstæði landsins voru afskifti hans af mentamálum, listum og vísindum. Hann vildi styðja unga listamenn og mentamenn til

1) Vissulega hefði þó ið sama fengizt, þótt engin »dansk-íslenzk ráðgjafarnefnd« hefði verið til.

frama og gengis. Hafa þeir mist hauk úr horni þar sem Bjarni var. -- Hann var formaður nefndar í háskólamálinu á alþingi 1909 og studdi fast að framgangi málssins. Á þingi 1911 var hann einn þeirra 5 Sjálfstæðismanna, er komu því til vegar, að háskólinn var stofnaður þá um vorið. Var hann ávalt in bezta stoð og stytta háskólans á þingi. — Heimiliskenslu vildi hann efla, en þótti barnaskólar að litlu haldi koma, vildi hafa góða ungingaskóla, einn í hverri sýslu, þar sem einkum væri lögð stund á íslenzka tungu, íslenzk fræði önnur og stærðfræði; vildi bæta kennaraskólann til muna, hafa latinuskólann óskiftan til undirbúnings háskólanámi, en koma upp öflugum gagnfræðaskóla í Reykjavík og viðar. Skoðunum sínum um mentamál lýsti hann einkum ræki-lega á alþingi 1925. Kvaðst þar setja fram stefnuskrá sína um þau efni.

Mjög var Bjarna borin á brýn óhagsýni um fjármál landsins og eyðsla á fé. Mun þetta mest hafa sprottið af stuðningi hans ungum mönnum til handa, sem oft hafa sætt miklum andróðri. Hann var og flestum stórhugaðri um fjárveitingar til eflingar samgöngum og atvinnuvegum landsins. Þegar inar gifurlegu verðbreytingar urðu á styrjaldar-árunum og nauðsyn bar til að hækka stórum laun allra starfsmanna landsins og hvers konar fjárfamlög, bar Bjarni fyrstur allra manna fram tillögur á alþingi um aukning landstekna eftir sömu hlutföllum. Vildi hann leggja *landaura-reikning* til grundvallar launum og gjöldum landsmanna. Mundi þetta hafa komið bezt niður, þegar afurðir allar vóru í afarverði og lands-sjóði fullkomlega borgið. En eigi var á þetta hlýtt, fyrr en löngu síðar, að farið var að leggja á »gengisviðauka«, taka gjöld sum í »gullkrónum« o. s. frv. Hér reyndist Bjarni framsýnni fjármálamaður en aðrir.

Bjarna var sjálfum heldur þróngt um fjárhag lengstum ævi sinnar. Þau tíu ár, sem hann var aukakennari í latinuskólanum, hafði hann fyrstu árin 800 króna árslaun, en til jafnaðar munu þau hafa numið 1000 krónum öll árin. Síðan liðu fjögur til fimm ár, er hann hafði enga atvinnu. Þá gerðist hann viðskiftaráðunautur Íslands rúm fjögur ár. Laun hans voru þá 10000 krónur, en gætanda er þess, að hann varð að kosta sig erlendis. Munu menn nú betur mega meta en þá, hvort hér hafi verið um uppgripatekjur að ræða. Á þeim árum gaf hann út mánaðaritið »Birkibeina« (1911—1913); skýrði hann þar frá störfum sínum erlendis og ritaði margt um stjórnsmál, listir og vísindi. Af útgáfu þessari, sem annarra blaða sinna, hafði hann mikinn kostnað og fjártjón. Ráðunautarstarfsemin var mjög örðug, erindisbréf óákveðið, hann átti að »skapa starfið sjálfur«, tortrygni Dana örðrum megin, en á aðra hönd áreytingar og stuðningsleysi að heiman. Kvaðst Bjarni lengstum hafa verið eltur á röndum af tveimur konungsríkjum (Danmörku og Íslandi), til þess að sér yrði sem örðugast fyrir. — Þó varð nokkur árangur af starfsemi hans, bæði um markaðsbætur og ný viðskiftasambönd, og einkum kynning við ýmsa atkvædamenn meðal frændþjóða vorra, er veittu Íslendingum lið síðar.

Þá miklaðist sumum mönnum það mjög, er Bjarna var veitt docentstarf í forntungunum við háskólanum. Mátti svo heita, að á hverju þingi síðan væri tilraunir gerðar til þess að afnema starfið. Á einu þinginu komu fram eigi færri en þrjú frumvörp í þessu skyni! Var áfergja þessi beinlínis hlægileg, — því fremur sem starfið var aldrei afnumið. Það þurfti að *tala* um það, og þetta hafði reyndar ekki all-lítill áhrif, því að af öllu þessu

uppistandi fanst mönnum út í frá, sem alt af væri þingið eitthvað nýtt að gera fyrir Bjarna.

Einatt hélt Bjarni fram mannréttindum einstaklinga; barðist fyrir almennum kosningarrétti, án takmarkana af fjármunum eða mannvirðingum; skildist ekki, að saman þyrti að fara »vitið og krónan«.

Bjarni hataði alt, sem honum þótti óþjóðlegt; nefndi hann það »sníkjumenning«. Hann vildi halda fast á fornnum venjum, máli og menning Íslendinga. Lúta að því margar ræður hans og ritgerðir. Af þeirri rót var runnin barátta hans gegn ættanöfnum og ónefnum. Kunnáttu í tungu vorri, sögu og bókmentum, vildi hann hafa í fyrirrúmi. »Hugsun, mál og þjóðerni, er svo saman tvinnanð, að eigi má eitt dafna ef öðru hnignar. — Er því fátt gagnlegra landi og lýð en þekking á móðurmálinu og gott skyn á því, hversu bezt má lýsa réttri hugsun með alkunnum orðum«. Svo segir Bjarni sjálfur á einum stað.

Á fyrri árum hafði hann sjálfur nýtízku-stafsetning (i fyrir y. o. fl.); háði það nokhuð vinsældum rita hans. Síðar tók hann upp almenna stafsetning, og hafði þá stundum fornlegri orðmyndir en alment gerðist. Hann ritaði hreint mál. Létu honum einkar vel þýðingar, bæði í bundnu máli og óbundnu. Bezt létt honum sögustill, svo sem á ritum þeim, er hann þýddi eftir Gustav Freytag og fyrr er á drepið. Á síðari árum þýddi hann tvær sögur all-langar: »Jürg Jenatsch« (1916) og »Dýrlinginn« (1918) eftir Conrad Ferd. Meyer. Hann var skáldmæltur, var létt um að yrkja, meir af íþrótt en kyngi, enda nefndi hann sig oft sjálfur í gamni »hagyrðinginn frá Vogi«. Hann kastaði oft fram stökum, orti meðal annars fjölda tækifæriskvæða og þýddi margt úr erlendum tungum. Stærsta verk hans af þessu tægi eru »Hulðsheimar«, »Í helheimi« og »Faust«. Hafa þýðingar

hans hlotið ágæta dóma í Þýzkalandi og viðar. Einkum er það snildarlegt, hversu honum hefir tekizt að »ná« inum torveldustu bragháttum í verkum Árna Garborgs.

Bjarni var ágætlega máli farinn, talaði ljóst og skipulega, fipaðist aldrei, röddin föst og mikil. Oftast var hann boðinn og búinn að flytja ræður í samkomum, í félögum og á öðrum mannfundum. Talaði hann mjög oft á íþróttafundum ungmannafélaga, bæði í Reykjavík og annars staðar, þar er til hans náðist. Hann tók oft til máls á alþingu, einkum in síðari ár. Var hann þar jafnan mikill atkvæðamaður. Máttu hans tillögur mikils, þótt hann væri stundum í fámennum flokki. Stundum þótti hann vanda óþarflega ytra frágang á ræðum sínum og ritgerðum. Var hann því oft snjallastur og atkvæðamestur, er hann átti í kappræðum óviðbúinn. Hann sá skjóslega, ef veilur vóru eða rökvillur í máli þeirra, er hann átti í höggi við. Svaraði hann jafnan fimlega, ef gripið var fram í fyrir honum og varp þá hnútum nokkuð harðlega frá sér, ef því var að skifta. Sóttu menn litt gull í greipar honum í orðakasti. Hann vildi ganga beint fram, en hataði hrekki, róg og undirferli. Ótortrygginn var hann að fyrra bragði, en taldi valt að treysta þeim fast, er brugðið höfðu berlega, þegar á reið.

Hann var staðfastur í skoðunum og skaplyndi. Var honum eigi annað fjær skapi, en hyk það og undanhald, er ofmjög hnekти sigurför Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni og klofning olli hvað eftir annað innan flokksins. Ekki miklaði hann fyrir sér þótt á skýjaði og óvænt þætti horfa um hríð. Skaut hann þá oft fram kviðlingi þessum úr rímu gamalli:

„Fram skal ganga haukur húna  
hvort hann vill eða' ei“.

Birtist kapp hans og málafylgi í útgáfu margra blaða,

rita og bæklinga, er hann gaf út sjálfur eða átti mikinn hlut að og öll stefndu að einu markmiði.

»Ísland handa Íslendingum« var viðkvæði Bjarna og annara fornra Landvarnarmanna. Sumum þeirra þótti hann hverfa helzti langt frá þessu kjörorði, er hann réð til að »kaupa viðurkenning Dana fyrir fullveldi voru« með réttinda-veizlum í sambandslögunum. En þetta kvað hann sjálfsagt að lagfæra síðar.

Bjarni var maður góðgjarn, enda vann hann fjölda manna gagn með orðafulltingi og öðrum atbeina, bæði á þingi og annars staðar. Hann var gleðimaður, hvort sem var heima eða á mannfundum, skemtinn og viðmóts-góður allri alþýðu. En lílla tilláts-semi sýndi hann þeim, er honum vóru óskapfeldir og andstreymir voru málum hans og lagði eigi virðing á »refkeilur« og ofrembinga.

Eigi batt hann sig við nokkrar trúmálakenningar. Lét hann sér nægja þá þekking, er menn fengi aflað sér um »lögmál lífsins« með skynsamlegu viti, rannsóknum og rökum á vísindalegan hátt. Það taldi hann manni bezt gefið að mega »hugsa rétt og vilja vel«.

Bjarni var meðalmaður á hæð, þrekinn og vel á sig kominn, hvatur á fæti á yngri árum, karlmannlegur í allri framgöngu. Ennið var hvelft, breitt og hátt, fastúð-legur á yfirbragð, móeygur og fagureygur og að öllu inn gervilegasti. Sópaði mjög að honum, hvar sem hann fór.

Bjarni var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Guðrún Þorsteinsdóttir. Áttu þau þrjú börn, er öll lifa: Sigríði, Þorstein og Eystein. Þau skildu samvistir. Síðar kvæntist Bjarni Guðlaugu Magnúsdóttur, og eru þrír synir þeirra á lífi: Bjarni, Magnús og Jón.

# K V E D J A

FR Á

\*\*\* ST Ú D E N T U M \*\*\*

T I L

BJARNA JÓNSSONAR  
FR Á VOGI

VIÐ BURTFÖR HANS FR Á ÍSLANDI.





**N**Lag: Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur.  
Ú ertu' að kveðja — fleyið búið biður  
að bera þig af kærri feðraströnd,  
og bráðum knör með björtum seglum liður  
með Bjarna vorn i önnur stærri lönd.  
En fyr en Kári knár i jötunmóði  
þig keyrir brott um ólguþrunginn ver,  
þá skaltu kvaddur veig og vinar-óði  
af vinum þinum, sem að standa hér.

Vér höfum þekkt þig langar, langar stundir  
i leikjum, striði, ræðum, hörpuslátt,  
vér höfum fylgt þér frelsismerkjum undir,  
og fundum vel að þú barst merkið hátt.  
Og stálið söng með sigurrómi hreinum,  
við sérhvert högg frá þinni sterku mund,  
að þú varst einn af landsins Birkibeinum  
það brást oss, vinur, ekki nokkra stund.

Því er oss sárt að sjá þig vinur hverfa  
um senn brott af þinni feðragrund,  
að hennar brjósti ótal sorgir sverfa  
og sár er þarfnað góða læknismund.

Hún dreymir hljóð hjá dánum frægðarvonum  
i deyfðarmóki gamals þrældóms arfs,  
og rúin, tæld, af eigin svíkin sonum  
hún situr nú og biður *okkar* starfs.

Já hér er þörf á þinum braustu mundum,  
og þörf að ryðja marga grýtta urð  
og opt mun hriðin hörð á vopnafundum  
unz heilla' og frelsis opnast Dvalins hurð.  
Því Gissurs likar enn þá uppi hjara,  
er okkar vilja svíkja fösturláð,  
sem vopn á þennan þræla' og flóna' skara  
vér þurfum Bjarna kalda, napra háð!

En farðu vel! — Frá fösturjarðarströndum  
þér fylgi gæsan yfir kaldan ver  
og beri þig, sem barn á sinum höndum  
og brosi við þér, hvar sem helst þú fer.  
Hún setji þig í sveitir helzlu rekka,  
og síðan heim þig flytji' um djúpan ál,  
vér svo til heilla' og heiðurs skulum drekka  
i hreinum veigum Bjarna farar-skál!

*Jónas Guðlaugsson.*



FÉLAGSPRENTSMIÐJAN. — 1905.

# K V E D J A

TIL

MAG. BJARNA JÓNSSONAR  
FRÁ VOGI

VIÐ UTANFÖR HANS HAUSTIÐ 1905

Sungið i samsæti,  
er nokkrir vinir og lærisveinar hans  
hjeldu honum.





**H** Lag: Með virðing ást og hreinum hug.  
 JER safnast flokkur saman enn  
 til sókna og varna ramur.  
 Þótt verði' hann skiljast við þig senn  
 er vigahugurinn samur.  
 Vjer drekkum hjer þitt erfi ei,  
 en i oss hefdarmoðinn,  
 og þegar ber þig burtu fley,  
 þá brennur í skapi glóðin.

Sú glóð mun leita að lokum út  
 svo loginn ber við skyín,  
 og brennir vjela og heimskuhnút  
 og háu þræla-vigin;  
 Og þú munt líta þessa öld  
 á þeirra moldum standa,  
 er fara nú með fje og völd  
 og frelsi og sannleik granda.

Þú ómannlega og illa varst  
 í urð úr götu hrakinn,  
 en hátt og rétt þú höfuð barst,  
 þótt horfði við auðn og klakinn.  
 Þá bauð þér æskan heila hönd  
 og hug til umbótanna,  
 sem pakkarvott, þótt reisti ei rönd  
 við riki valdþrælanna.

Er ferðu Bjarni frá oss brott  
 með frjálsa huginn djarfa,  
 þú finna aettir vinskapsvott  
 og viðurkenning starfa.  
 Þú hjer mátt líta hópinn þann,  
 er hefirðu frætt og alið,  
 og yfir sig þig hefir hann  
 að höfuðsmanni valið.


Með frjálsum þjóðum færðu sess  
 hjá fögnum mennta-arni —  
 Þá einhvern tima iðrar þess,  
 er úthýstu þér Bjarni.  
 Þú munt þér frama geta gnægð  
 og góðan jarðveg finna  
 Að Íslands heill og Íslands frægð  
 þjer auðnast þar að vinna.

Far heill og vel um sollinn sæ,  
 en seglin máttu ei lægja,  
 og láttu gamminn geysa æ  
 og gerðu hvergi' að vægja.  
 En sigldu bráðla hingað heim  
 af hasi vinur prúði,  
 með vikingsfrægð og veg og seim  
 að verja þina brúði.

*Lárus Sigurjónsson.*



FÉLAGSPRENTSMIÐJAN. — 1905.



# TRYGGVI GUNNARSSON



1835 – 18 OKT. – 1915



**V**ELKOMINN hér á vinafund  
ungur með orku ljóns  
átræði kappinn Fróns.

Skál fyrir alt þitt æfistarf  
skál fyrir skömtuð laun  
skál fyrir marga raun.

Vátryggðir, »Slippen«, verndan íss  
æ lifa afrek slik  
á meðan byggist Vík.

Drottinn borgi þinn »Dýravin«  
orðin þín eins og störf  
öll voru lýðum þörf.

Öðrum til gagns var alt þitt strit,  
læri þar landsins hjú  
lifandi' og sanna trú.

Staup fyrir ljúfan laukagarð,  
blómstranna bliða draum  
á bak við þingsins glaum.

Staup fyrir alt sem engan guð  
átti (svo yrði sagt)  
undir mannsveldi lagt.

Skulum vér bjóða fleiri full  
illa gekk Ásaþór  
ölið þá reyndist sjór.

Pó drakk hinn frægi »fjöruborð«  
eins drakkst þú drjúgan stans  
dáðleysi þessa lands.

Pigg nú i einu allra þökk  
treynist þér tímans bið  
taki svo hinir við.

»Yfrum« þá ferðu vaski vin  
umbun til uppbótar  
áttu i »banka« þar.

*Matth. Jochumsson.*



**A**Ð áttatiu ára kveldi  
þú una mátt við dagsins starf,  
því meira verk ei margur seldi  
þá móðursfoldu sinni' í arf.

Margt vannstu landi' og lýð til bóta,  
því löng er saga þín og merk,  
og óspart léztu aðra njóta  
þess arðs er báru framkvæmd verk.

Á vorri öld er auðsafns-spilling  
að eitra' og veikja marga sál,  
er sækist eftir ytri gylling  
og öllu sem er fánýtt prjál.

En það var aldrei það, sem knúði  
þig til að leggja hönd á plóg;  
á framtíð lands þín framsýn trúði  
þess framsókn var þér borgun nóg.

Pitt ósérplægnisorð mun vara  
hjá Íslandsþjóð, og hvetja þá  
með kjarki' og dug i för þín fara  
því frægðarmarki' er vilja ná.

Og margan hönd þín hjálpfús gladdi  
sem hrakning beið á lífsins för.  
Að verkum þeim ei vitni kvaddi  
þín veglynd sálin, mild og ör.

En margoft voru misjöfn launin,  
og mótt þér stundum andað kalt,  
en hetjudug þinn herti raunin,  
— sem hjóm og reyk þú matst það alt.

Sit þú nú heill í hárrí elli!  
Á heiðri krýndan þjóðar vin  
þíns jarðlifs kveldsól fögur felli  
sitt friðarmilda aftanskin.

Á ímynd þina' af eiri gjörva  
mun Ísland margan leggja krans.  
Hún eggi hvern, sem hyggst að hörfa,  
að heillum vinna fólks og lands.

H. S. B.





Prentsmiðjan Gutenberg Rvk

## YFIRLIT

yfir efnahag hafnarsjóðs Akureyrarkaupstaðar í árslok 1920.

### EIGNIR:

	Kr.
1. Torfunefsþryggjan með lóð á Torfunefi . . . . .	150,000.00
2. Insta bryggjan á Akureyri með lóð . . . . .	75,000.00
3. Ytri bryggjan á Akureyri . . . . .	35,000.00
4. Lóð á Oddeyrartanga . . . . .	6,000.00
5. Hús á Torfunefi . . . . .	1,400.00
6. Vjelar og áhöld . . . . .	15,000.00
7. Eftirstöðvar samkvæmt ársreikningi, 1920 . . . . .	4,301.37
Samtals kr. . . . .	<u>286,701.37</u>

### SKULDIR:

	Kr.
1. Við Landsbanka Íslands, D. 144 . . . . .	1,257.45
2. — Íslandsbanka Reykjavík . . . . .	46,134.83
3. — Útbú Íslandsbanka Akureyri . . . . .	11,880.00
4. — Viðlagasjóð . . . . .	8,533.33
5. — Veðdeild Landsbankans Reykjavík . . . . .	10,534.90
6. — H.F. C. Höepfner . . . . .	16,975.53
7. — Sparisjóð Svarfdæla . . . . .	5,000.00
Samtals kr. . . . .	<u>100,316.04</u>

Bæjarstjóriinn á Akureyri 12. júlí 1921.

*Jón Sveinsson.*

# YFIRLIT

yfir efnahag bæjarsjóðs Akureyrarkaupstaðar við árslok  
1920.

## EIGNIR:

	Kr.	Kr.
I. Arðberandi eignir:		
1. Stóra-Eyrarland með öllum verzlunararlóðum . . . . .	250,000.00	
2. Naust . . . . .	55,000 00	
3. Kjarni . . . . .	125,000.00	
4. Bændagerði . . . . .	60,000.00	
5. $\frac{1}{2}$ Mýrarlón . . . . .	8,000.00	
6. Húsið No. 23 í Aðalstræti . . . . .	25,000.00	
7. Samkomuhúsið . . . . .	58,000 00	
8. Brunastöðin . . . . .	25,000 00	
9. Vatnsveitan . . . . .	180,000.00	
10. Eftirstöðvar í bæjarsjóði:		
a. Ógreidd opinber gjöld . . . . .	9005.79	
b. Í sjóði hjá gjaldkera . . . . .	16,325.58	
	25,331.37	811,331.37
II. Aðrar eignir er eigi gefa af sjer tekjur:		
1. Barnaskólahús með lóð . . . . .	32,000.00	
2. Fyrirliggjandi efni vatnsveitunnar . . . . .	10,000.00	
3. Slökkviáhöld . . . . .	8,000.00	
4. Áhöld og ýmsir lausir munir . . . . .	10,000.00	
5. Bókasafnið . . . . .	20,000.00	
	80,000.00	
III. a. Útistandandi dýrtíðarlán . . . . .	9,724.34	
b. Skuldir þurfamanna . . . . .	78,553.00	
	Samtals kr. . . . .	891,331.37

## SKULDIR:

	Kr.	Kr.
1. Lán til kaupa á jarðeignum . . . . .	27,132,60	
2. Lán til Barnaskólans . . . . .	2,440.17	
3. Lán til annara húseigna . . . . .	43,445.35	
4. Lán til vatnsveitunnar . . . . .	93,647.12	
5. Reikningslán . . . . .	73,309.71	
		239,974.95

Bæjarstjóriinn á Akureyri 12. júlí 1921.

*Jón Sveinsson.*



# SKRÁ

yfir sjóði og stofnanir, er standa undir stjórn bæjarstjórnar  
Akureyrarkaupstaðar, í árslok 1920.

## HEITI SJÓÐANNA:

	Kr.
1. Ellistyrktarsjóður Akureyrarbæjar . . . . .	10,886.62
2. Styrktarsjóður C. Höepfners og konu hans . . . . .	11,937.39
3. Styrktarsjóður fátækra sjúklinga á Akureyrarspítala . . . . .	3,015.54
4. Styrktarsjóður Magnúsar Jónssonar, gullsmiðs, fyrir fátæk börn . . . . .	3,407.83
5. Styrktarsjóður eldvarnar- og slökkviliðsins . . . . .	1,611.56
6. Gjafasjóður Álasundsbæjar . . . . .	2,893.70
7. Aldamótasjóður Akureyrarbæjar . . . . .	222.22
8. Minningarsjóður Margrjetar Valdemarsdóttur . . . . .	780.38
9. Caroline Rest með sjóði . . . . .	53,227.96
Samtals kr. . . . .	87,983.20

Bæjarstjórinna á Akureyri 12. júlí 1921.

*Jón Sveinsson.*

*Prentsmiðja Odds Björnssonar Akureyri. 1921.*

# Áætlun

yfir tekjur og gjöld Akureyrarkaupstaðar 1922.

## Tekjur:

	Upphæð		Samtals	
	Kr.	Au.	Kr.	Au.
Eftirstöðvar frá fyrra ári . . . . .			22000	00
1. Lóðargjald, sbr. lög nr. 16, 27. júní 1921 .			6500	00
2. Tekjur af jarðeignum . . . . .			14500	00
3. Tekjur af húseignum . . . . .			8500	00
4. Tekjur af seldom eignum . . . . .			200	00
5. Tekjur af vatnsveitunni :				
a. Vatnsskattur o. fl. . . . .	11000			
b. Vatnssala til skipa o. fl. . . . .	7000			
			18000	00
6. Sótaragjald . . . . .			900	00
7. Hundaskattur . . . . .			150	00
8. Endurgoldinn styrkur innansveitarmanna . .			500	00
9. Endurgoldinn styrkur utansveitarmanna . .			800	00
10. Endurgoldinn styrkur úr ríkissjóði . . . .			2000	00
11. Sundkenslustyrkur úr ríkissjóði . . . .			250	00
12. Ýmsar óvissar tekjur, aukaniðurjöfnun, sektir, borgarabréf o. fl. . . . .			4000	00
Flyt . . . .			78300	00

	Upphæð		Samtals	
	Kr.	Au.	Kr.	Au.
Flutt . . .			78300	00
13. Pátttaka hafnarsjóðs í stjórn kaupstaðarins og fyrir innheimtu hafnargjalda . . . . .			4500	00
14. Kenslugjöld . . . . .			600	00
15. Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum . . . . .			82250	00
Samtals . . .			165650	00

### Gjöld:

	Upphæð		Samtals	
	Kr.	Au.	Kr.	Au.
1. Vextir og afborgun af föstum lánum:				
a. Af lánum til jarðeignakaupa . . . . .	2557	02		
b. - —»— húsakaupa og barnaskólans . . . . .	4475	37		
c. - —»— vatnsveitunnar . . . . .	12383	77		
			19416	16
2. Vextir og afborgun af bráðabirgðalánum . .			15000	00
3. Stjórn kaupstaðarins:				
a. Laun bæjarstjóra . . . . .	5500	00		
b. Dýrtíðaruppbót bæjarstjóra, bundið við nafn Jóns Sveinssonar . . . . .	2000	00		
c. Skrifstofukostnaður, kostnaður við bæjarstjórnina, innheimtu bæjar- og hafnargjalda og verklegt eftirlit í bænum . . . . .	8000	00		
			15500	00
4. Eftirlaun . . . . .			445	00
5. Til löggæslu:				
a. Laun lögregluþjóna . . . . .	3300	00		
b. Önnur útgjöld til löggæslu . . . . .	300	00		
			3600	00
6. Til heilbrigðisráðstafana:				
a. Laun ljósmóður . . . . .	640	00		
Flyt . . .	640	00	53961	16

	Flutt . . .	Upphæð		Samtals	
		Kr.	Au.	Kr.	Au.
b. Til heilbrigðisfulltrúa . . . . .	640 00 1000 00			53961	16
c. Til Sjúkrahúss Akureyrar, þó með því skilyrði, að sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu leggi eigi minna fje að mörkum til þess. Gangi upphæðin til greiðslu afborgunar og vaxtalána þeirra, sem bær og sýsla eru í ábyrgð fyrir . . . . .	5000 00 300 00				
d. Önnur útgjöld . . . . .				6940	00
7. Til aðgerða og endurbóta á vegum og til brekkunnar við Spítalaveg . . . . .				8000	00
8. Til snjómoksturs, klakahöggs og þrifnaðar á götum:					
a. Til snjómoksturs og klakahöggs . . . . .	3000 00				
b. Til þrifnaðar á götum . . . . .	1000 00			4000	00
9. Til götulyśinga o. fl. . . . .				2000	00
10. Kostnaður við jarðeignir . . . . .				4500	00
11. Viðhald og kostnaður húseignanna . . . . .				6200	00
12. Til eldvarna:					
a. Laun sótara . . . . .	800 00				
b. Laun slökkviliðs . . . . .	700 00				
c. Til áhaldakaupa og viðgerða áhalda . . . . .	800 00				
d. Húsaleiga fyrir geymslu brunaáhalda . . . . .	600 00				
e. Ýms útgjöld . . . . .	400 00				
				3300	00
13. Til fátækraframfærslu innansveitar:					
a. Framfæri munaðarlausra barna undir 16 ára . . . . .	200 00				
b. Framfæri þurfamanna yfir 16 ára . . . . .	22000 00				
c. Greftrunarkostnaður þurfamanna . . . . .	500 00				
d. Ýms útgjöld . . . . .	500 00			23200	00
				1200	00
14. Til þurfamanna annara sveita . . . . .					
Flyt . . . . .				112301	16

	Flutt . . .	Upphæð		Samtals	
		Kr.	Au.	Kr.	Au.
15.	Til sjúkrasamlags Akureyrar, með því skilyrði að styrkurinn leggist í varasjóð . . . .			112301	16
16.	Til barnaskólans:			500	00
a.	Laun kennara . . . . .	11838	91		
b.	Eldiviður, ljós og ræsting . . . .	2700	00		
c.	Til bóka- og áhaldakaupa . . . .	300	00		
d.	Óviss útgjöld og aðgerð á skólahúsini .	3500	00		
17.	Til Bókasafns Norðuramtsins á Akureyri . . .			18338	91
	Þó með því skilyrði að sýslusjóður Eyjafjarðarsýslu leggi eigi minna fje til þess en $\frac{1}{3}$ á móti því sem bæjarsjóður leggur því til.			1800	
					00
18.	Til viðhalds kostnaðar og nýrra lagninga vatnseitunnar . . . . .			6500	00
19.	Til organleikara og söngkennara . . . .			200	00
20.	Til bjargráðasjóðs . . . . .			370	00
21.	Til sundstæðis og sundkenslu . . . .			2500	00
22.	Til hornleikaraflokks á Akureyri, með þeim skilyrðum, sem bæjarstjórnin setur . . . .			400	00
23.	Til viðhalds og ræktunar á Lystigarði bæjarins . . . . .			300	00
24.	Óvænt og óviss útgjöld . . . . .			5500	00
	Eftirstöðvar við árslok . . . . .			15939	93
	Samtals . . .			165650	00

Bæjarstjórinn á Akureyri 20. okt. 1921.

*Jón Sveinsson.*